



# HÁSKÓLI ÍSLANDS

Lokaritgerð til BA-prófs  
í sagnfræði

## **Pólítísk átök á Íslandi 1252–1255**

Samanburður á frásögnum *Porgils sögu skarða*, *Íslendinga sögu* og  
*Hákonar sögu Hákonarsonar*

**Hrafnhildur Anna Hannesdóttir**

Leiðbeinandi: Sverrir Jakobsson, prófessor í miðaldasögu  
Febrúar 2025

**HUGVÍSINDASVIÐ**

# Pólítísk átök á Íslandi 1252–1255

Samanburður á frásögnum *Þorgils sögu skarða*, *Íslendinga sögu* og *Hákonar sögu Hákonarsonar*

Hrafnhildur Anna Hannesdóttir  
030799-2089

Lokaverkefni til BA-prófs í sagnfræði  
Leiðbeinandi: Sverrir Jakobsson, prófessor í miðaldasögu

Sagnfræði- og heimspekideild  
Hugvísindasvið Háskóla Íslands

Febrúar 2025

Pólítísk átök á Íslandi 1252–1255. Samanburður á frásögnum *Þorgils sögu skarða, Íslendinga sögu* og *Hákonar sögu Hákonarsonar*.

Ritgerð þessi er 20 eininga lokaverkefni til BA-prófs við sagnfræði- og heimspekideild á Hugvísindasviði Háskóla Íslands

© Hrafnhildur Anna Hannesdóttir, 2025

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.



## Ágrip

Samtímaheimildir frá 13. öld gefa innsýn inn í líf Íslendinga á tímum stórtækra breytinga í íslensku samfélagi. Frásagnir eru aldrei hlutlausar og víða gætir afstöðu höfunda til ýmissa þátta. Hér verða frásagnir *Porgils sögu skarða*, *Íslendinga sögu* og *Hákonar sögu Hákonarsonar* af sömu atburðum bornar saman í þeim tilgangi að skoða hvar finna megi ósamræmi og hvaða skýringar gætu legið þar að baki. Áhersla er lögð á frásagnir af pólitískum átökum frá útkomu Þorgils skarða til Íslands árið 1252 fram að 1255, afstöðu til Noregskonungs og fulltrúa hans og kirkjunnar á Íslandi, Heinreks Kárssonar og Sigvarðs Þéttmarssonar. Hákon Hákonarson, Noregskonungur frá 1217–1263, vildi sameina Ísland undir norsku krúnuna og nýtti sér íslenska hirðmenn sína til að flytja erindi sitt á Íslandi. Mesti ófriður Sturlungaaldar hófst þegar Noregskonungur sendi Þórð kakala Sighvatsson til Íslands 1242 sem erindreka sinn. Noregskonungur átti þannig óbeinan þátt í pólitískum átökum á Íslandi og kirkjan fléttaðist einnig inn í þessi átök. Á þessum tíma var kirkjuvaldastefnan leiðandi en hún fól í sér aðskilnað veraldlegs valds og kirkjuvalds. Sigvarður Þéttmarsson, biskup í Skálholti frá 1238–1268 birtist í frásögnum samtímaheimilda sem holdgervingur kirkjuvaldastefnunnar, sérstaklega í samanburði við starfsbróður sinn Heinrek Kársson, Hólabiskup frá 1247–1260. Heinrekur var einn dyggasti erindreki Noregskonungs á Íslandi og aðlagðist hinu íslenska pólitíska landslagi og nýtti sér átök veraldlegra valdhafa til að koma erindi konungs á framfæri. Niðurstöður ritgerðarinnar benda til þess að höfundar heimildanna höfðu ólíkar forsendur og hagsmuni sem mótuðu sjónarhorn þeirra og endurspeglast í ólíkum frásögnum þeirra.

## Abstract

Contemporary sources from the 13th century provide insight into the lives of Icelanders during a period of significant societal change in Iceland. Narratives are inherently subjective and the separate perspectives of the authors on various matters are often evident. This study compares the accounts of *Þorgils saga skarða*, *Íslendinga saga* and *Hákonar saga Hákonarsonar* of the same events, aiming to identify inconsistencies and explore potential reasoning for them. Emphasis is placed on the sources' accounts of political conflicts from Þorgils skarði's return from Norway to Iceland in 1252 to 1255. Various positions with regard to the King of Norway will be studied as well as to his and the Church's representatives in Iceland, Heinrekur Kársson and Sigvarður Þéttmarsson. Hákon Hákonarson, the King of Norway from 1217–1263, sought to unite Iceland under the Norwegian crown, utilizing Icelandic envoys to promote his agenda in Iceland. The climax of the unrest of the Sturlunga Age began when the Norwegian King sent Þórður kakali Sighvatsson as his envoy to Iceland in 1242. Thus, the Norwegian king indirectly influenced political conflict in Iceland and the Church became entangled in these disputes. At this time, the *Libertas ecclesiae* reformation movement, centered around the separation of secular and ecclesiastical authority, was prominent. Sigvarður Þéttmarsson, Bishop of Skálholt from 1238–1268, appears in contemporary accounts as an embodiment of this movement, particularly in comparison to his colleague Heinrekur Kársson, who served as Bishop of Hólar from 1247–1260. Heinrekur was one of the Norwegian King's most loyal envoys in Iceland, adapting to the Icelandic political landscape and leveraging conflict amongst secular leaders to advance the King's agenda. This study's findings suggest that the authors of the aforementioned sources had differing interests that shaped their perspectives which are reflected in their accounts.

# Efnisyfirlit

Inngangur.....	6
1. Um heimildirnar .....	8
1.1. Þorgils saga skarða .....	10
1.2. Íslendinga saga .....	13
1.3. Hákonar saga Hákonarsonar .....	15
2. Pólítísk átök á Íslandi 1252–1255 .....	16
2.1. Sættir Gissurar, Hrafns og Sturlu .....	20
2.2. Þveráreyrabardagi .....	21
2.3. Skipan ríkis Þórðar kakala í Eyjafirði.....	24
3. Noregskonungur .....	27
3.1. Afstaða til Noregskonungs .....	30
3.2. Yfirráðasvæði Noregskonungs .....	33
3.3. Ívar Englason .....	34
4. Kirkjan á Íslandi .....	36
4.1. Heinrekur Kársson Hólabiskup .....	40
4.2. Sigvarður Þéttmarsson Skálholtsbiskup .....	46
Niðurstöður.....	48

## Inngangur

Sturlungaöld var eitt örlagaríkasta tímabil Íslandssögunnar enda lauk henni með því að Íslendingar gengu undir norsku krúnuna sem batt enda á blóðuga valdabaráttu íslenskra stórhöfðingja. Sturlungaöld má kalla blómaskeið íslenskrar sagnaritunar og því er talsvert til af heimildum frá þessum tíma sem gefa innsýn inn í íslenskt samfélag við lok þjóðveldisaldar.<sup>1</sup> Þegar rýnt er í samtímaheimildir kemur í ljós að þeim ber ekki alltaf saman um ákveðin mikilvæg atriði. Í því samhengi er áhugavert að skoða hvar sagnaritara greinir á og hvaða skýringar megi finna á því misræmi. Við nánari skoðun kemur í ljós að höfundar hafa ekki alltaf gætt hlutleysis í frásögnum sínum heldur skín afstaða þeirra og hagsmunir í gegn. Í þessari ritgerð verða þrjár samtímaheimildir bornar saman með tilliti til sjónarhorns höfunda sem birtist okkur í ósamræmi ólíkra frásagna af sömu atburðum. Heimildirnar sem eru jafnframt undirstaða þessarar rannsóknar eru *Þorgils saga skarða*, *Íslendinga saga* og *Hákonar saga Hákonarsonar*. Athygli skal vakin á því að höfundur Íslendingasögu og Hákonarsögu er talinn vera einn og sami maðurinn, Sturla Þórðarson. Þá er sérstaklega áhugavert að bera saman ósamræmi í afstöðu hans í þessum tveimur heimildum. Ætla má að misræmi þar stafi einna helst af ólíkum markhópum sagnanna tveggja. Þorgils saga skarða segir frá ævi Þorgils Böðvarssonar sem kom til Íslands árið 1252 sem fulltrúi Noregskonungs á Íslandi. Frá heimkomu hans til ársins 1255 var Þorgils viðriðinn öll helstu pólitísku átök á Íslandi sem snerust iðulega um erindi Noregskonungs. Heinrekur Kársson Hólabiskup hafði mikil afskipti af pólitískum deilum þessa tímabils en hann var einn dyggasti erindreki Hákonar Noregskonungs á Íslandi.

Í þessari ritgerð verður leitað svara við því hvar megi finna ósamræmi í frásögnum heimilda af atburðum Íslandssögunnar á tímabilinu 1252–1255 og hvaða skýringar gætu legið þar að baki. Jafnframt verður reynt að sýna fram á að ein ástæða ósamræmis gæti verið sjónarhorn og í sumum tilfellum hlutdrægni höfunda sem gefur vísbendingu um afstöðu þeirra til viðfangsefnisins.

Sagnfræðingar hafa gert átökum Sturlungaaldar og safnrítinu Sturlungu góð skil. Má þar helst nefna viðamikla rannsókn Bjarnar M. Ólsen í *Safn til sögu Íslands* og grein Péturs Sigurðssonar í sama safnríti. Sverrir Jakobsson hefur mikið skrifað um

---

<sup>1</sup> Einar Ólafur Sveinsson, *Sturlungaöld. Drög um íslenska menningu á þrettánda öld* (Reykjavík: Kostnaðarmenn nokkrir Reykvíingar, 1940), 1.



Sturlungaöld, bæði í greinum og bókum og má þar nefna sem dæmi *Auðnaróðal*, greinar í erlendu tímaritunum *Viator* og *Viking and Medieval Scandinavia* og grein hans í *Sögu* frá 1998, „Friðarviðleitni kirkjunnar á 13. öld.” Helgi Þorláksson skrifaði um tilurð og markmið Sturlungu í *Griplu* 2012 og Úlfar Bragason skrifaði um frásagnarfræði Sturlungu í *Ætt og saga* 2010. *Íslensk miðaldasaga* eftir Björn Þorsteinsson er gott yfirlitsrit yfir Sturlungaöld og sömuleiðis nýtast kaflar Magnúsar Stefánssonar og Gunnars Karlssonar úr *Saga Íslands II*.

Í fyrsta kafla verða heimildirnar sem eru undirstaða rannsóknarinnar kynntar. Í öðrum kafla eru frásagnir af pólitískum átökum skoðaðar og eru þar tekin þrjú dæmi; sættir Gissurar Þorvaldssonar, Hrafns Oddssonar og Sturlu Þórðarsonar, Þveráreyrabardagi og loks skipan ríkis í Eyjafirði 1257. Í þriðja kafla er athyglinni beint að afstöðu til Noregskonungs og erindis hans á Íslandi. Frásagnir um yfirráðasvæði Noregskonungs á Íslandi og frásagnir um Ívar Englason, sendimann konungs, eru bornar saman. Í fjórða og síðasta kafla er Heinrekur Kársson, Hólabiskup, í aðalhlutverki þar sem frásagnir af honum verða skoðaðar. Jafnframt verður afstaða Heinreks rannsökuð í samanburði við Sigvarð Þéttmarsson, Skálholtsbiskup. Með því að bera saman frásagnir af sömu atburðum úr ólíkum heimildum hyggst ég sýna fram á sjónarhorn höfunda út frá afstöðu þeirra til pólitískra átaka, Noregskonungs og fulltrúa kirkjunnar á Íslandi og leita skýringa á ósamræmi milli heimilda.

## 1. Um heimildirnar

Þorgils saga skarða og Íslendinga saga eru báðar hluti af Sturlungu, safnríti af sögum sem fjalla um atburði á Íslandi og líf Íslendinga frá 1117 til 1264 og greina frá valdabaráttu íslenskra höfðingja þar til að þjóðveldið leið undir lok við undirritun gamla sáttmála um 1262–1264. Upprunalega Sturlungusamsteypan, sem steipt var saman í kringum aldamótin 1300, samanstóð af eftirfarandi verkum: <sup>2</sup>

<i>Sturlu saga</i> , talin samin í byrjun 13. aldar.
<i>Guðmundar saga dýra</i> , talin samin stuttu eftir lát Guðmundar árið 1212.
<i>Hrafns saga Sveinbjarnarsonar</i> , talin samin um 1230–1260.
<i>Prestssaga</i> , líklegast samin stuttu eftir vígslu Guðmundar til biskups eða eftir að hann lést árið 1237.
<i>Þórðar saga kakala</i> , talin samin eftir að Þórður lést árið 1256 og sennilega ekki fyrr en 1270.
<i>Þorgils saga og Hafliða</i> sem talin er hafa verið samin undir lok 12. aldar eða um 1240.
<i>Svínfellinga saga</i> , líklega samin í kringum aldamótin 1300.
<i>Íslendinga saga</i> , talin samin eftir 1263 til 1284.
<i>Ættartölur</i>
<i>Sturlungaformálinn</i>
<i>Geirmundar þáttur heljarskinns</i>
<i>Haukdæla þáttur</i>

Sögurnar og þættirnir sem Sturlunga samanstendur af eru eftir ólíka höfunda og voru skrifaðar frá lokum 12. aldar til 14. aldar. Þar af leiðandi hafa þær verið flokkaðar sem samtímaheimildir. Sturlunga hefur verið gefin út nokkrum sinnum frá 1817 en sú útgáfa sem hér verður stuðst við er frá 1946. Sturlunga er talin hafa verið steipt saman um aldamótin 1300 en þá var Þorgilssaga ekki hluti af safnrítinu. Frumritið er þó glatað. Deilt hefur verið um það hver var safnandi Sturlungu. Björn M. Ólsen og Guðbrandur Vigfússon héldu því fram að safnandinn væri Þórður Narfason, lögmaður, en Helgi

---

<sup>2</sup> Úlfar Bragason, *Ætt og saga. Um frásagnarfræði Sturlungu eða Íslendinga sögu hinnar miklu* (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2010), 25–27.

Þorláksson færði rök fyrir því að Þorsteinn böllóttur Snorrason væri safnandinn.<sup>3</sup> Einn af Narfasonum er talinn hafa samið Geirmundarþátt því ætt þeirra er þar rakin ítarlega. Þórður Narfason er talinn líklegastur þar sem hann bjó að Skarði, höfuðbóli ættar þeirra. Því er talið að Þórður hafi safnað Sturlungu og sett Geirmundarþátt þar inn. Þórður þekkti Sturlu Þórðarson persónulega og dvaldi hjá honum þegar hann var ungur. Þess vegna hefur verið litið á Þórð sem eins konar lærisvein Sturlu en í formála Sturlungu er fjallað sérstaklega vel um Sturlu. Sú orð eru talin vera frá safnandanum og margir telja að það hafi verið Þórður.<sup>4</sup> Í blönduðum texta af Króksfjarðar- og Reykjarfjarðarbók er Katli Þorlákssyni lýst sem „móðurföður míns ítem móðurföður Narfasona“ en Ketill var faðir Valgerðar sem var móðir Narfasona og Helgu, móður Þorsteins.<sup>5</sup> Því hafa Þórður Narfason og Þorsteinn böllóttur Snorrason verið taldir líklegastir sem safnendur Sturlungu en Þórður þykir líklegri þar sem fleiri rök standa þar að baki.

Helgi Þorláksson segir markmiðin með samsteypu Sturlungu hafa verið til forvarnar til að stuðla að friði í landinu á milli íslenskra höfðingja. Hann segir tilganginn einnig geta hafa verið að réttlæta að valdhafar á Íslandi áttu tilkall til valda sinna sökum göfugs uppruna og að upphefja valdaættirnar á Íslandi. Helgi greinir frá því að á fyrstu áratugum 14. aldar hafi mótast hópur valdamanna á Íslandi sem sóttist eftir upphefð frá konungi, svo sem hirðmennsku og embætti sýslumanna og lögmanna. Helgi segir þessum hópi hafa verið í mun að skrásetja og halda fram göfugum uppruna sínum og afrekum forfeðra sinna. Slíka skrásetningu var að finna í Sturlungu.<sup>6</sup> Varðandi safnanda Sturlungu eru rök Bjarnar meira sannfærandi. Hann nefnir að Þorsteinn geti ekki hafa verið safnandinn vegna þess að í formálanum að Sturlungu megi sjá að safnandi Sturlungu hefur þekkt Sturlu en það gerði Þorsteinn ekki svo vitað sé.<sup>7</sup> Þorsteinn hefur verið bendlaður við *Melabók*, eina af gerðum Landnámubókar frá upphafi 14. aldar. Einhver ættingja Þorsteins eða mögulega hann sjálfur settu hana saman.

---

<sup>3</sup> Helgi Þorláksson, „Sturlunga– Tilurð og markmið,” *Gripla* 23. árg. (2012): 87 og Björn M. Ólsen, „Um Sturlungu,” í *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmenta að fornu og nýju* III (Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmentafélag, 1902), 503–504.

<sup>4</sup> Helgi Þorláksson, „Sturlunga– Tilurð og markmið,” 54.

<sup>5</sup> Helgi Þorláksson, „Sturlunga– Tilurð og markmið,” 54–55 og Björn M. Ólsen, „Um Sturlungu,” 503–505.

<sup>6</sup> Helgi Þorláksson, „Sturlunga– Tilurð og markmið,” 87.

<sup>7</sup> Björn M. Ólsen, „Um Sturlungu,” 503–504.

Sturlunga er varðveitt í tveimur handritum, Króksfjarðarbók og Reykjarfjarðarbók en Þorgilssögu má einungis finna í því síðarnefnda.<sup>8</sup> Hið fyrra er talið vera frá um 1350–1370 en hið seinna frá um það bil 1375–1400.<sup>9</sup> Þrjú önnur verk koma einungis fram í Reykjarfjarðarbók en ekki Króksfjarðarbók: *Sturlu þáttur*, *Jarteinasaga Guðmundar biskups* sem er frá fyrri hluta 14. aldar og *Árna saga biskups* sem er talin samin í byrjun 14. aldar.<sup>10</sup> Björn M. Ólsen taldi að höfundur frumrits Sturlungu hefði líklegast verið Þórður Narfason og að Þorsteinn böllóttur hefði tekið saman 122B og bætt Þorgilssögu inn.<sup>11</sup> Þetta þykir ólíklegt þar sem Björn gerir hér ráð fyrir týndum hlekk á milli frumriti Sturlungu og Reykjarfjarðarbókar. Þorgilssaga og Íslendingasaga greina á köflum frá sömu atburðum og eru þær oftast taldar hafa verið ritaðar af tveimur ólíkum höfundum. Sturla Þórðarson er talinn vera höfundur Íslendingasögu og höfundur Þorgilssögu er talinn hafa verið Þórður Hítnesingur, mágur Þorgils skarða Böðvarssonar. Sturla kemur víða fram í Þorgilssögu og þá oft og tíðum í mótstöðu við erindi Þorgils. Því eru til staðar tvö ólík sjónarhorn af sömu atburðum sem athyglisvert er að bera saman. Hákonar saga Hákonarsonar er rituð af sama höfundi og Íslendingasaga, Sturlu Þórðarsyni. Hún er varðveitt í átta ólíkum handritum.<sup>12</sup> Í grein sinni í *Nýju Helgakveri* frá 2019 greinir Sverrir Jakobsson frá ýmsu ósamræmi á milli frásagna og afstöðu í þessum þremur sögum. Þar segir hann ólíkar frásagnir af sömu atburðum gefa vísbendingar um sjónarhorn sagnaritara. Því er athyglisvert að skoða út frá frásögnunum hverjum höfundar sagnanna virðast hliðhollir hverju sinni og á hvaða hátt þeir eru hlutdrægir.<sup>13</sup>

### 1.1. Þorgils saga skarða

Þar sem Þorgilssaga var ekki í upphaflega safnritinu Sturlungu heldur bætt inn seinna er oft fjallað um sömu atburði í henni og í Íslendingasögu sem áttu sér stað á árunum 1251 til 1258.<sup>14</sup> Upprunalega var Sturlunga í heild sinni, eða í það minnsta sá hluti hennar sem gerist eftir að Brandur biskup Sæmundarson lést árið 1201, eignuð Sturlu Þórðarsyni en

<sup>8</sup> Helgi Þorláksson, „Sturlunga– Tilurð og markmið,” 82.

<sup>9</sup> Úlfar Bragason, „Frásagnarmynstur í Þorgils sögu skarða,” *Skírnir* 1 (1981), 161.

<sup>10</sup> Úlfar Bragason, *Ætt og saga*, 27.

<sup>11</sup> Björn M. Ólsen, „Um Sturlungu,” 507–508.

<sup>12</sup> *Hákonar saga Hákonarsonar II, Íslenzk fornrit XXXII*, útg. Sverrir Jakobsson, Þorleifur Hauksson og Tor Ulset (Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 2013), liii.

<sup>13</sup> Sverrir Jakobsson, „1277: Um sjónarhorn í veraldlegri sagnaritun á 13. öld.” Í *Nýtt Helgakver. Rit til heiðurs Helga Skúla Kjartanssyni sjötugum 1. febrúar 2019*, Ritstj. Guðmundur Jónsson, Gunnar Karlsson, Ólöf Garðarsdóttir og Þórður Helgason (Reykjavík: Sögufélag, 2019), 11.

<sup>14</sup> Sverrir Jakobsson, „1277: Um sjónarhorn í veraldlegri sagnaritun á 13. öld,” 9.

Í ljós hefur komið að aðrir höfundar komu að verkinu. Þegar litið er á ritunartíma *Sturlungu* er augljóst að Sturla er ekki eini höfundur hennar. Sem dæmi má taka *Hrafns sögu* en Björn M. Ólsen, prófessor í menningarsögu, benti á að í henni segir höfundur „með berum orðum, að hann ætli að skrifa um þá viðburði, sem gerzt hafi á sínum dögum, enn sagan gerist öll fyrir minni Sturlu Þórðarsonar.“<sup>15</sup> Sömmuleiðis var Þorgilssaga talin vera rituð af Sturlu en Björn hefur fært sannfærandi rök fyrir því að ritari hennar hafi verið Þórður Hítningur, mágur Þorgils skarða Böðvarssonar en hann var eiginmaður Aldísar, systur Þorgils.<sup>16</sup> Þórður kemur sjálfur oft við sögu í verkinu enda fylgdi hann Þorgils frá því að Þorgils kom til Íslands 1252 og var viðriðinn flesta atburði sem sagt er frá í sögunni. Fyrir utan Þorgilssögu eru litlar sem engar heimildir um Þórð en vitað er að hann var læs og kunni að skrifa og gæti það verið vísbending um að hann hafi hlotið klerklega menntun.<sup>17</sup> Þórður sjálfur hefur verið mikilvægasta heimildin við ritun Þorgilssögu þar sem hann var sjónarvottur að mörgum atburðum sem þar er fjallað um. Hann hefur einnig notast við vitnisburð annarra manna. Þar gæti hann hafa fengið upplýsingar frá Bergi Ámundarsyni en hann var með Þorgils í Noregi og fylgdi honum alla ævi. Einnig er ekki ólíklegt að Þórður hafi notast við vitnisburð Þorgils sjálfs, við þá atburði þar sem Þórður var ekki með honum.<sup>18</sup>

Samkvæmt Birni M. Ólsen var Þorgilssaga rituð eftir árið 1275 og mögulega ekki fyrr en eftir 1284.<sup>19</sup> Helstu rök fyrir því segir hann vera að greint er frá andláti Guðmundar Böðvarssonar, bróður Þorgils, í Þorgilssögu en hann lést árið 1275. Þar af leiðandi bendir allt til þess að sagan að hafa verið skrifuð eftir þann tíma. Hann nefnir líka rugling sem kemur fram í sögunni þar sem tveimur norskum sendimönnum, Ívari Arnljótarsyni og Ívari Englasyni er ruglað saman og segir að sagan hljóti því að hafa verið skrifuð eitthvað eftir það að hinn seinni kom til Íslands, árið 1260.<sup>20</sup> Í inngangi við *Sturlungu II* frá 1946 er því haldið fram að Þorgilssaga hafi verið rituð eftir 1275 og hafi verið tilbúin í síðasta lagi um 1280 þar sem Sturla Þórðarson virðist hafa þekkt til sögunnar.<sup>21</sup> Sagnfræðingar

---

<sup>15</sup> Björn M. Ólsen, „Um *Sturlungu*,“ 244.

<sup>16</sup> Björn M. Ólsen, „Um *Sturlungu*,“ 198.

<sup>17</sup> *Sturlunga saga II*, útg. Jón Jóhannesson, Kristján Eldjárn, Magnús Finnbogason og Magnús Jónsson (Reykjavík: Sturlunguútgáfan, 1946), xlvii.

<sup>18</sup> Björn M. Ólsen, „Um *Sturlungu*,“ 487–488.

<sup>19</sup> Björn M. Ólsen, „Um *Sturlungu*,“ 492 og 499.

<sup>20</sup> Björn M. Ólsen, „Um *Sturlungu*,“ 491–492.

<sup>21</sup> *Sturlunga saga II*, xlvii.

hafa dregið ályktanir um það og helstu rök fyrir því að Sturla hafi þekkt til Þorgilssögu þegar hann ritaði Íslendingasögu eru að það er þriggja ára eyða í Íslendingasögu en frá atburðum þessa þriggja ára er ítarlega sagt frá í Þorgilssögu. Eins og sést hefur á vinnubrögðum Sturlu Þórðarsonar hefur hann oft og tíðum sleppt að segja frá atburðum sem þegar hefur verið fjallað um og hefur frekar bætt inn upplýsingum eða leiðréttingum. Í Íslendingasögu fjallar Sturla lítið um Þorgils skarða, þó svo að hann hafi verið viðriðinn helstu atburði á Íslandi 1252–1255. Hægt er að draga ályktanir um að ástæða þess sé að hann hafi þekkt til Þorgilssögu og því ekki fjallað um atburði þessa tímabils jafn ítarlega. Þetta eru þó getgátur og ómögulegt að segja til um það hvers vegna þessi eyða er í Íslendingasögu en skýringin gæti einfaldlega verið sú að eitthvað hafi vantað í handritið. Í formála að Sturlungu er bent á að það sé óbeint vísað í Þorgilssögu í Íslendingasögu. Þar segir „Þóttist hann hafa verit ginntr til at gerast handgenginn Gizuri jarli.“<sup>22</sup> Ekki hafði áður verið greint frá því í Króksfjarðarbók, en það kemur fram í Reykjarfjarðarbók í Þorgilssögu.<sup>23</sup> Þetta gæti verið sterkari vísbending um að Sturla hafi þekkt til Þorgilssögu en mögulega kemur tilvísunin frá ritstjóra.

Þorgilssaga fjallar um Þorgils skarða Böðvarsson sem var af Sturlungaætt. Hann átti tvo bræður, Sighvat og Guðmund. Hann var sonur Böðvars Þórðarsonar og Sigríðar Arnórsdóttur, systur Kolbeins unga. Föðurfaðir Þorgils var Þórður Sturluson, sonur Hvamm-Sturlu. Þorgils var því bróðursonur Sturlu Þórðarsonar, höfundar Íslendingasögu og Hákonarsögu. Þorgilssaga fylgir Þorgils frá því að hann fæddist árið 1226, fjallar um æsku hans og dvöl hans í Noregi við hirð Hákonar konungs en þangað fór hann árið 1244. Þegar Þorgils sneri aftur til Íslands árið 1252 í þeim tilgangi að koma landinu undir stjórn Noregskonungs tóku við miklar deilur við aðra höfðingja landsins en að lokum komst hann til valda yfir öllum Norðlendingafjórðungi. Áður en það gerðist mætti hann mikilli fyrirstöðu en stuðningsmenn Þórðar kakala vildu ekki að Þorgils tæki yfir landsvæðið og mannaforráðin sem Þórður hafði áður verið yfir í Borgarfirði. Sögunni lýkur eftir dauða Þorgils en hann var drepinn árið 1258. Víg hans tengdist bæði Þórði kakala og Noregskonungi en Hákon konungur hafði þá skipað Þorgils yfir ríki Þórðar kakala í Eyjafirði en Þorvarður Þórarinnsson taldi sig eiga tilkall til þess og lét því drepa Þorgils.

---

<sup>22</sup> „Íslendinga saga,” *Sturlunga saga I*, útg. Jón Jóhannesson, Kristján Eldjárn og Magnús Finnbogason (Reykjavík: Sturlungaútgáfan, 1946), 527.

<sup>23</sup> *Sturlunga saga II*, xxxv–xxxvii.

Þorvarður var bróðir Odds Þórarinssonar, af ætt Svínfellinga og tengdasonur Steinvarar Sighvatsdóttur, systur Þórðar kakala.<sup>24</sup> Hvort sem Þórður Hítningur skrifaði Þorgilssögu eða einhver annar þá er ljóst að höfundur sögunnar var stuðningsmaður Þorgils og hefur þá ritað söguna eftir frásögn Þórðar og annarra stuðningsmanna Þorgils. Áhersla er lögð á mannkosti Þorgils, þrautseigju hans í erindum sínum og hollustu hans við Noregskonung. Hákon Noregskonungur hafði í hávegum riddaralegar dyggðir og frásögnin í Þorgilssögu endurspeglar það. Einnig er lögð áhersla á tryggð Þórðar við Þorgils.<sup>25</sup>

## 1.2. Íslendinga saga

Höfundur Íslendingasögu var Sturla Þórðarson en hann fæddist árið 1214. Hann var sonur Þórðar Sturlusonar á Staðastað, föðurafa Þorgils skarða, og Þóru, frillu hans. Sturla komst til valda með stuðningi frænda sinna, Snorra Sturlusonar og Órækju Snorrasonar en Sturla fékk í hendurnar meirihlutann af Snorrungagoðorði, erfðagoði Sturlunga. Hann fékk þriðjung Snorrungagoðorðs frá Snorra Sturlusyni 1240 en bróðir Sturlu, Böðvar Þórðarson, hafði áður fengið honum sinn hluta goðorðsins. Sturla slóst í lið með Þórði kakala Sighvatssyni og var leiðtogi stuðningsmanna hans á Vesturlandi líkt og kemur fram í *Þórðar sögu kakala*. Sturla var frændi Þorgils skarða en þrátt fyrir að þeir voru báðir af ætt Sturlunga var Sturla í andstöðu við Þorgils þegar hann kom til Íslands 1252 og sóttist eftir ríki Þórðar kakala sem Snorri Sturluson hafði áður verið yfir og Noregskonungur taldi sig eiga tilkall til. Sturla var lögsögumaður frá 1251–1253 og var skipaður yfir Borgarfjörð af Gissuri Þorvaldssyni, ríkinu sem hann hafði vílað Þorgils frá því að taka yfir, árið 1258 en eftir deilur við Hrafn Oddsson flúði Sturla til Noregs árið 1263. Noregskonungur hafði þá skipað Hrafn Oddsson yfir Borgarfjörð árið 1261. Í Noregi gerðist Sturla sagnaritari Noregskonungs, Magnúsar lagabætis, og skrifaði Hákonarsögu að beiðni hans. Árið 1271 sneri Sturla aftur til Íslands og hafði þá í för með sér lögbókina Járnsíðu sem hann mun sjálfur hafa tekið saman. Sturla gerðist lögmaður árið 1272 og sinnti því starfi til 1282. Hann lést árið 1284.<sup>26</sup> Við ritun Íslendingasögu studdist Sturla við ýmis konar heimildir. Sjálfur var hann sjónarvottur að mörgum

---

<sup>24</sup> Sverrir Jakobsson, „1277: Um sjónarhorn í veraldlegri sagnaritun á 13. öld,” 9.

<sup>25</sup> Björn M. Ólsen, „Um Sturlungu,” 499.

<sup>26</sup> *Hákonar saga Hákonarsonar II*, xxvi–xxvii.

atburðum sögunnar en hann notaði einnig vitnisburð annarra, bréf og ritheimildir.<sup>27</sup> Sagan er talin hafa verið rituð eftir 1263 þegar Sturla fór til Noregs. Helstu rök fyrir því eru að Sturla virðist hafa haft aðrar sögur sem voru samdar eftir 1270 til hliðsjónar við ritun Íslendingasögu.<sup>28</sup> Samkvæmt Pétri Sigurðssyni var Íslendingasaga rituð á árunum 1271–1284.<sup>29</sup> Hann telur víst að Sturla hafi skrifað söguna á sínum efri árum. Til rökstuðnings nefnir hann fjögur rök: Stíllinn er þroskaðri en í Hákonarsögu, Sturla virðist nokkuð hlutlaus sem sýnir fram á að einhver tími hafi liðið frá atburðunum sem hann greinir frá og sú staðreynd að Páll Kolbeinsson og Brandssynir koma víða við sögu sem tíðindamenn bendir til þess að Sturla hafi skrifað söguna eftir 1259 en þá giftust Guðný Sturludóttir og Kálfur Brandsson. Loks segir hann að ljóst sé út frá sögunni að hún hafi verið skrifuð eftir að Sturla hafði verið í Noregi. Pétur telur það líklegast að Sturla hafi ekki hafið skrif á Íslendingasögu fyrr en eftir 1271 þegar hann sneri aftur til Íslands og því heldur hann því fram að hún sé skrifuð í kringum 1271–1284.<sup>30</sup> Sagan sjálf fjallar um atburði á Íslandi á tímabilinu 1183–1242 og 1250–1264. Sagan snýst ekki um eina fjölskyldu eða einn mann heldur er sagt frá lífi margra Íslendinga. Í byrjun sögunnar er aðallega sagt frá Sturlusonum en söguviðið stækkar þegar líður á söguna.<sup>31</sup>

Talið er að Íslendingasaga hafi sérstaklega verið ætluð sem framhald *Prestssögunnar* og *Sturlu sögu* en einnig *Guðmundar sögu dýra* og *Hrafns sögu*.<sup>32</sup> Í Resensbók eru drög að Guðmundar sögu dýra en Sturla er af sumum talinn ritari hennar. Hún er talin skrifuð á árunum 1250–1284 en Sturla varð fyrst lögsögumaður 1251 og lést 1284.<sup>33</sup> Því er mögulegt að Sturla hafi ætlað sér að semja sögu um Guðmund dýra en notað þess í stað efniviðinn í Íslendingasögu, sem var síðan notuð sem heimild að síðari Guðmundar sögum. Markhópur Íslendingasögu voru Íslendingar en þá helst menntaðir menn sem gátu

---

<sup>27</sup> *Hákonar saga Hákonarsonar II*, xxxiii.

<sup>28</sup> *Hákonar saga Hákonarsonar II*, xxxi.

<sup>29</sup> Pétur Sigurðsson, „Um Íslendinga sögu Sturlu Þórðarsonar.” Í *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta að fornu og nýju*. Sjötta bindi (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1929–1939), 154.

<sup>30</sup> Pétur Sigurðsson, „Um Íslendinga sögu Sturlu Þórðarsonar,” 153–154.

<sup>31</sup> *Sturlunga saga II*, xxxiv–xxxv.

<sup>32</sup> *Sturlunga saga II*, xxxv.

<sup>33</sup> Stefán Karlsson, „Alfræði Sturlu Þórðarsonar,” Í *Sturlustefna. Ráðstefna haldin á sjö alda ártíð Sturlu Þórðarsonar sagnaritara 1984*, ritstj. Guðrún Ása Grímsdóttir og Jónas Kristjánsson (Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar, 1988), 47.



lesið en þeir voru flestir í góðri stöðu í samfélaginu, tóku þátt í stjórnmálum og sóttu alþingi.

### 1.3. Hákonar saga Hákonarsonar

Sturla Þórðarson ritaði einnig Hákonar sögu Hákonarsonar en hann flutti til Noregs árið 1263 og vingaðist við Noregskonung, Magnús Hákonarson. Hann varð hirðmaður konungs og starfaði sem sagnaritari hans. Hákonarsaga var rituð á árunum 1264–1265 að beiðni Magnúsar en hann var sonur Hákonar Hákonarsonar.<sup>34</sup> Sagan var rituð til minningar um Hákon Noregskonung og til þess að upphefja hann og stjórnartíð hans. Með því var Magnús sjálfur upphafinn, sem sonur hans og arftaki. Áhersla er lögð á að lýsa samskiptum Hákonar við aðra konunga í nágrannaríkjum Noregs, þar á meðal Danmörku, Svíþjóðar og Englands. Fjallað er um æsku og uppeldi Hákonar sem fæddist árið 1204, valdatöku hans, deilur hans við Skúla jarl Bárðarson og afrek hans sem Noregskonungur. Hákon lést árið 1263 og hafði þá lagt grunninn að sameiningu Íslands undir norsku krúnunni.<sup>35</sup> Markhópur Hákonarsögu var norska hirðin en þar sem sagan var rituð af Íslendingi er einnig fjallað um samskipti konungs við Íslendinga enda gegndi Hákon beinu og óbeinu hlutverki í íslenskum stjórnmálum á Sturlungaöld.<sup>36</sup> Sturla hefur notað ritaðar heimildir, bréf, lög og tilskipanir við ritun Hákonarsögu.<sup>37</sup> Athyglisvert er að skoða afstöðu gagnvart Noregskonungi í Hákonarsögu annars vegar og Íslendingasögu hins vegar þar sem þær eru ritaðar af sama manni en þó fyrir ólíka markhópa og í ólíkum tilgangi.

---

<sup>34</sup> *Hákonar saga Hákonarsonar I, Íslensk fornrit XXXI*, útg. Þorleifur Hauksson, Sverrir Jakobsson og Tor Ulset (Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 2013), xxxii.

<sup>35</sup> *Hákonar saga Hákonarsonar I*, v.

<sup>36</sup> *Hákonar saga Hákonarsonar I*, xxxv og li.

<sup>37</sup> *Hákonar saga Hákonarsonar II*, xxxiii.

## 2. Pólitísk átök á Íslandi 1252–1255

Sigurður Nordal segir þrjá þætti hafa ollið átökunum á Sturlungaöld, sem leiddu til falls þjóðveldisins og að Ísland fór að lokum undir Noregskonung; innbyrðis valdabarátta stórhöfðingja á Íslandi um völd, afskipti Noregskonungs og átök milli veraldlegra valdhafa og kirkjunnar.<sup>38</sup> Þessir þættir koma allir fram í Þorgilssögu, Íslendingasögu og Hákonarsögu og því er athyglisvert að skoða á hvaða hátt höfundar þessara sagna fjalla um hvert efni fyrir sig, því víða má finna misræmi í frásögnum. Gunnar Karlsson skiptir stjórn málasögu Íslands á árunum 1100 til 1264 í tvö þróunarskeið. Fyrra tímabilið, sem nær til um 1220 segir hann hafa einkennst af vaxandi höfðingjavaldi. Lögin gerðu ráð fyrir goðum sem voru mikilvægur hluti dómskerfisins en höfðu ekki framkvæmdavald en í stað þeirra komu stórhöfðingjar sem margir réðu yfir fleiri en einu goðorði og fengu þar að auki fjárhagslegan stuðning frá kirkjunni eins og greint verður frá í viðeigandi kafla. Á seinni tímabilinu frá 1220–1264 dvínaði veldi stórhöfðingjanna vegna innbyrðis átaka þeirra og afskipta Noregskonungs.<sup>39</sup> Þetta tímabil hefur verið kallað Sturlungaöld og er kennt við ætt Sturlunga sem var afar valdamikil á þessum tíma. Sturlungar áttu í deilum við aðrar valdamiklar ættir en einnig var mikið um innbyrðis átök innan ættarinnar. Ófriður Sturlungaaldarinnar einkenndist af því að þar var ekki pólitískur skoðanamunur sem aðgreindi deiluaðila, heldur voru þeir að berjast um mannaforráð og völd.<sup>40</sup> Valdabarátta var ekki ódæmigerð fyrir átök höfðingja á miðöldum. Í kringum 1220 voru fimm ættir sem voru valdamestar á Íslandi og höfðu mannaforráð yfir stærstum hluta landsins. Það voru Haukdælir í Árnesþingi, Ásbirningar í Skagafirði, Svínfellingar í Skaftafellspingi, Oddaverjar í Austfirðingafjórðungi og loks Sturlungar.<sup>41</sup> Til að útskýra hið pólitíska landslag sem ríkti á Íslandi um 1252–1255 þarf að greina frá undanfara þess.

Snorri Sturluson af ætt Sturlunga kom til Íslands frá Noregi árið 1220 þar sem hann hafði verið gerður lundur maður Noregskonungs. Snorri var lögsögumaður frá

---

<sup>38</sup> Sigurður Nordal, *Icelandic Culture*, þýð. Vilhjálmur T. Bjarnar (New York: Cornell University Library, 1990), 240.

<sup>39</sup> Gunnar Karlsson, „Frá þjóðveldi til konungsríkis,” í *Saga Íslands II*, ritstj. Sigurður Línal (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag / Sögufélagið, 1975), 39.

<sup>40</sup> Gunnar Karlsson, „Frá þjóðveldi til konungsríkis,” 3 og Viðar Pálsson, „Forming Bonds With Followers in Medieval Iceland. The Cases of Thordr kakali and Thorgils skardi,” í *Nordic Elites in Transformation, c. 1050–1250 vol. II. Social Network*, Ritstj. Kim Esmark, Lars Hermanson og Hans Jacob Orning (New York: Routledge, 2020), 241.

<sup>41</sup> Gunnar Karlsson, „Frá þjóðveldi til konungsríkis,” 32.

1222–1231 og sankaði að sér gríðarlegum völdum, þá sérstaklega í Vestfirðingafjórðungi. Snorri hafði einnig ítök suðvestanlands og í Húnaþingi en hann notaði mægðir til þess að breiða út völd sín. Hann gifti dætur sínar Gissuri Þorvaldssyni, höfðingja Haukdæla, Kolbeini unga Arnórssyni, höfðingja Ásbirninga og Þorvaldi Vatnsfirðingi.<sup>42</sup> Sjálfur kvæntist hann auðugum konum, fyrst Herdísi, dóttur Bersa auðga og síðar Hallveigu Ormsdóttur.<sup>43</sup> Árið 1235 kom Sturla Sighvatsson, bróðursonur Snorra, til Íslands en þá hafði Noregskonungur fengið hann til þess að koma Íslandi undir norsku krúnuna og hófust þá helstu átök Sturlungaaldar.<sup>44</sup> Sturla tók yfir meirihluta Vestfirðingafjórðungs og Snorri flúði til Noregs sumarið 1237. Þegar Sturla hafði tekið yfir Borgarfjörð beindi hann athygli sinni að ríki Gissurar Þorvaldssonar sem var höfðingi Haukdæla. Snorri hafði fengið hæli hjá Gissuri þegar Sturla rak hann úr Reykholti og Ingibjörg, dóttir Snorra, var fyrrverandi eiginkona Gissurar. Í Örlygsstaðabardaga 1238 börðust Sturla og Sighvatur faðir hans gegn Gissuri og Kolbeini unga, höfðingja Ásbirninga. Feðgarnir féllu báðir í bardaganum og Kolbeinn tók yfir Norðlendingafjórðung. Eftir fall Sturlu og Sighvats voru völd Sturlunguættar lítil á Íslandi en þá voru Snorri Sturluson og Þórður kakali Sighvatsson í Noregi og því enginn til að taka völdin fyrir hönd Sturlunga á Íslandi.

Þegar Snorri frétti af Örlygsstaðabardaga vorið 1239 fór hann heim til Íslands þó að Hákon Noregskonungur bannaði honum það. Líkt og Sverrir Jakobsson hefur bent á virðist Snorri hafa haft það að markmiði þegar hann sneri aftur til Íslands að sameina Sturlunga.<sup>45</sup> Órækja, sonur Snorra, fylgdi honum til Íslands en Snorri færði Sturlu Þórðarsyni þriðjung af Snorrungagoðorði ásamt búi á Sauðafelli. Snorri fékk síðan Tuma Sighvatssyni, bróður Þórðar kakala, búið en Sturla flutti þá að Staðarhóli. Hittust þeir allir á Sauðafelli haustið 1241 og eftir það fór Snorri í Reykholt.<sup>46</sup> Hákon kOUNgur skrifaði Gissuri árið 1240 og setti það í hendur hans að ákveða hvort Snorri yrði drepinn eða sendur til Noregs. Í september árið 1241 fór Gissur með hóp manna í Reykholt þar sem Snorri var drepinn: „Þetta haust hit sama tók Gizurr þorvaldsson af lífi Snorra Sturluson

---

<sup>42</sup> Björn Þorsteinsson, *Íslensk miðaldasaga* (Reykjavík: Sögufélag, 1980), 162.

<sup>43</sup> Viðar Pálsson, „„Var engi höfðingi slíkr sem Snorri“. Auður og virðing í valdabaráttu Snorra Sturlusonar,“ *Saga XLI*:1 (2003), 57.

<sup>44</sup> Björn Þorsteinsson, *Íslensk miðaldasaga*, 162.

<sup>45</sup> Sverrir Jakobsson, *Auðnaróðal. Baráttan um Ísland 1096–1281* (Reykjavík: Sögufélag, 2016), 193–194.

<sup>46</sup> Sverrir Jakobsson, *Auðnaróðal*, 194–195.

í Reykjaholti á Íslandi.<sup>47</sup> Í Hákonarsögu segir einnig að konungi þótti Órækja, sonur Snorra, „betr til fallinn at deyja fyrir þá sök en faðir hans, – „ok eigi mundi faðir hans dáit hafa ef hann hefði komit á minn fund.“<sup>48</sup> Kolbeinn ungi lagði undir sig Norðlendingafjórðung og krafðist trúnaðareiða af helstu mönnum í Vestfirðingafjórðungi. Þannig varð hann valdamesti höfðingi Íslands á þessum tímamarki. Árið 1242 fór Gissur til Noregs og Þórður kakali kom til Íslands frá Noregi. Þórður háði sjóorrustu á móti Kolbeini unga við Húnaflóa þar sem Þórður þurfti að víkja en komst þó vel frá viðureigninni samkvæmt Þórðarsögu kakala. Þar er greint frá því að mannfali hafi verið mun meira í liði Kolbeins og Þórður hafi þurft að víkja til að skýla mönnum sínum.<sup>49</sup> Í sögunni mælir Þórður: „meira þykkir mér verðr einn góðr drengr en allir þessir skiptötrar.“<sup>50</sup> Kolbeinn lést sumarið eftir bardagann en skipti áður yfirráðasvæði sínu, Skagafirði og Eyjafirði, á milli Þórðar kakala og Brands Kolbeinssonar, frænda síns. Um vorið 1246 börðust þeir Þórður og Brandur í Haugsnesbardaga í Blönduhlíð í Skagafirði þar sem Brandur féll og með því lauk veldi Ásbirninga. Gissur og Þórður ákváðu að láta Hákon konung dæma um mál sín þar sem þeir voru báðir hirðmenn hans. Þeir fóru út og Gissur varð eftir í Noregi á meðan Þórður fór aftur til Íslands 1247 með Heinreki Kárssyni, nýjum Hólabiskupi. Þórður var þá fulltrúi konungs á Íslandi og varð hann afar valdamikill og hafði yfirráð í Borgarfirði, á Vestfjörðum og í Norðlendingafjórðungi. Hann var þó ákærður fyrir að nýta ekki völd sín til þess að fara með erindi Noregskonungs og því var honum stefnt til Noregs árið 1250.

Mögulega hafa Þórður og Hákon Noregskonungur ekki haft sömu hugmynd um það hvert hlutverk Þórðar var, hvort hann væri erindreki konungs eða sjálfstæður höfðingi í umboði konungs. Heinrekur Kársson Hólabiskup var staðfastur í máli sínu um að Þórður sinni ekki erindi konungs eins og kemur fram í Hákonarsögu og í Þórðarsögu. Í Hákonarsögu er greint frá því að haustið 1249 „kom útan af Íslandi Heinrekr byskup ok sagði þau tíðendi at Þórðr kakali legði litla stund á konungs mál. Afflutti byskup mjök mál Þórðar.“<sup>51</sup> Sturla Þórðarson, höfundur Hákonarsögu, tekur hér skýra afstöðu með Þórði en hér segir hann að Heinrekur hafi verið ranglátur í garð Þórðar. Í Þórðarsögu segir

---

<sup>47</sup> *Hákonar saga Hákonarsonar* II, 119.

<sup>48</sup> *Hákonar saga Hákonarsonar* II, 119.

<sup>49</sup> „Þórðar saga kakala,“ *Sturlunga saga* II, útg. Jón Jóhannesson, Kristján Eldjárn og Magnús Finnbogason (Reykjavík: Sturlungaútgáfan, 1946), 58–62.

<sup>50</sup> „Þórðar saga kakala,“ 63.

<sup>51</sup> *Hákonar saga Hákonarsonar* II, 152.

að „þar váru á nokkurar sakargiftir ok átölur við Þórð um þat, at hann hefði meiri stund á lagit at koma landi undir sik en undir konung.“<sup>52</sup> Heinrekur „fylgdði ok þessu, at Þórðr heldi eigi þat, er hann hefði konunginum heitit... kvað konungs vilja aldri mundu við ganga á Íslandi, meðan Þórðr réði svá miklu.“<sup>53</sup> Heinrekur var augljóslega helsti hvatamaður þess að Noregskonungur valdi sér nýjan fulltrúa á Íslandi. Áður en Þórður fór til Noregs setti hann Eyjólf ofsa Þorsteinsson yfir ríki sitt í Skagafirði, Hrana Koðráns­son yfir ríki sitt í Eyjafirði og Þingeyjarþingi og Þorleif Þórðarson yfir ríki sitt í Borgarfirði. Þeir voru þá yfir ríki sem Noregskonungur taldi sig eiga tilkall til. Þeir voru umboðsmenn Þórðar á meðan hann dvaldi í Noregi en ásamt þeim átti Þórður aðra trygga stuðningsmenn. Þar má nefna Sturla Þórðarson, Hrafn Oddsson og Sæmund Ormsson sem voru valdsmenn í landshlutum sem ekki voru komnir undir forræði Noregskonungs.

Á árunum 1252 til 1258 áttu sér stað mikil átök á Íslandi, þá sérstaklega á milli þessara umboðsmanna Þórðar kakala, sem enn var fastur í Noregi og íslenskra höfðingja sem voru hirðmenn Noregskonungs.<sup>54</sup> Þorgils skarði Böðvarsson, af ætt Sturlunga, var sendur til Íslands sumarið 1252, ásamt Gissuri Þorvaldssyni og Finnbirni Helgasyni en Hákon Noregskonungur setti þá yfir ríkin sem Þórður kakali hafði verið yfir. Stuðningsmenn Þórðar voru í andstöðu gegn sendimönnum konungs en Gissur náði yfirráðum í Skagafirði og Húnavatnsþingi þar sem hann varð mjög valdamikill. Gissur var vel liðinn af héraðsbændum í Skagafirði og því mætti hann ekki fyrirstöðu þegar hann tók yfir þar. Hann sættist við Sturlu Þórðarson en umboðsmenn Þórðar kakala, Eyjólfur og Hrani ásamt fylgdarliði, brenndu bæ Gissurar í Flugumýrabrennu árið 1253. Þar létust þrír synir Gissurar og kona hans, Gróa Álfsdóttir. Heinrekur Hólabiskup stefndi Gissuri til Noregs 1254 af sömu ástæðum og Þórði, að hann hefði ekki unnið að erindi konungs. Oddur Þórarinsson, Svínfellingur, tók yfir ríki Gissurar fyrir norðan. Oddur var drepinn af Eyjólfvi ofsa og Hrafn Oddssyni í bardaga í Geldingaholti í janúar 1255. Þá fékk Þorvarður Þórarinsson, bróðir Odds, Þorgils skarða, Sturlu Þórðarson og Finnbjörn Helgason til þess að aðstoða hann í því að hefna bróður síns.<sup>55</sup> Þessi fylking barðist á Þveráreyrum í júlí 1255 þar sem Eyjólfur féll en Hrafn komst undan. Þorvarður ætlaði sér

---

<sup>52</sup> „Þórðar saga kakala,“ 86.

<sup>53</sup> „Þórðar saga kakala,“ 86.

<sup>54</sup> Gunnar Karlsson, „Frá þjóðveldi til konungsríkis,“ 41–42.

<sup>55</sup> Björn Þorsteinsson, *Íslensk miðaldasaga*, 168.

að taka yfir Eyjafjörð en bændur neituðu að taka við honum.<sup>56</sup> Árið 1255 kom Ívar Englason til Íslands að beiðni Hákonar Noregskonungs. Ívar, ásamt Þorgils, fékk stóran hluta bænda í Norðlendingafjórðungi til að samþykkja að greiða Noregskonungi skatt. Þorgils varð valdamesti maður á Íslandi eftir að Þórður kakali lést í Noregi árið 1256. Hann réði þá yfir öllum Norðlendingafjórðungi. Þorvarður var ósáttur þar sem hann taldi sig eiga tilkall til ríkis Þórðar kakala í Eyjafirði sem Steinvör, systir Þórðar, hafði fært honum. Í janúar 1258 fór Þorvarður að Þorgils og drap hann. Þá var Gissur Þorvaldsson eini íslenski sendimaður Noregskonungs sem enn var á lífi.<sup>57</sup> Þorgilssögu, Íslendingasögu og Hákonarsögu ber ekki saman um ákveðna atburði á þessu tímabili í Íslandssögunni. Má þar til dæmis nefna frásagnir af sáttum Gissurar Þorvaldssonar, Hrafns Oddssonar og Sturlu Þórðarsonar og frásagnir af alþingi sumarið 1253, Þveráreyrabardaga og skipan ríkis Þórðar kakala í Eyjafirði.

### 2.1. Sættir Gissurar, Hrafns og Sturlu

Þorgilssögu og Íslendingasögu ber ekki saman um sættir Hrafns, Gissurar og Sturlu árið 1253. Í Þorgilssögu segir að

Þat sama vár fóru menn á milli þeira Gizurar ok Hrafns, ok var leitat at koma sættum saman með þeim ok vináttu. Ok gerðist þat af, at með Hrafni ok honum var mælt til innar mestu vináttu. Þá bað Hallr Gizurarson Ingibjargar, dóttur Sturlu, ok réðst þat á þingi um sumarit... Ráð skyldi takast með þeim Halli ok Ingibjörgu á vetrnáttahlegli á Flugumýri.<sup>58</sup>

Hér er greint frá því að sættir Hrafns, Sturlu og Gissurar hafi orðið um vorið en samkvæmt Íslendingasögu sættust þeir ekki fyrr en um haustið þetta sama ár:

Um haustit, er á leið, var stefndr sættarfundr með þeim Gizuri ok Hrafni ok Sturlu vestr í Vestrhópi. Vár þá grið sett til fundarins, ok fór Þorsteinn Hjálmsson í milli, er þá bjó á Breiðabólstað. Þeir fundust þar á Breiðabólstað. Kom þar Gizur með<sup>59</sup> þrem tígum manna. Þeir kómu ok vestan með þrem tígum manna Hrafn ok Sturla. Gekk þar sætt saman greiðliga með þeim Gizuri ok Hrafni, svá at gera skyldi Brandr ábóti. Þá hóf ok Hallr Gizurarson bónorð sitt ok bað Ingibjargar

---

<sup>56</sup> Björn Þorsteinsson, *Íslensk miðaldasaga*, 169.

<sup>57</sup> Björn Þorsteinsson, *Íslensk miðaldasaga*, 169.

<sup>58</sup> „Þorgils saga skarða,” *Sturlunga saga II*, útg. Jón Jóhannesson, Kristján Eldjárn og Magnús Finnbogason (Reykjavík: Sturlungaútgáfan, 1946), 149.

<sup>59</sup> „Íslendinga saga,” 479.

Sturludóttur... En sú var ályktan þeira Gizurar ok Sturlu, at þeir skyldi sjálfir semja sættir sínar, en Hrafn vera oddamaðr, ef þá skilði á. Brullaup þeira Halls ok Ingibjargar skyldi vera at vetrnóttum á Flugumýri... Skilðust þeir Gizurr ok Hrafn með kærleikum miklum.<sup>60</sup>

Þetta skiptir miklu máli því heimildunum tveimur ber heldur ekki saman um alþingi sumarið 1253. Í Þorgilssögu segir að Þorleifur Þórðarson hafi farið með goðorð Borgfirðinga á alþingi 1253 „með styrk Hrafns“<sup>61</sup> en í Íslendingasögu er greint frá því að Gissur Þorvaldsson hafi ráðið ríkjum á alþingi sama ár og að Hrafn og Sturla mættu ekki til þings.<sup>62</sup> Samkvæmt frásögn Þorgilssögu höfðu höfuðandstæðingar þegar sæst fyrir alþingi um sumarið og því ættu ekki að hafa verið neinir flokkadrættir þar. Hins vegar gerir frásögn Íslendingasögu ráð fyrir flokkadráttum á alþingi. Þá höfðu Gissur, Sturla og Hrafn ekki enn sæst. Íslendingasaga hlýtur að vera áreiðanlegri heimild um þetta þar sem höfundur hennar, Sturla Þórðarson, var viðstaddur sáttina og þátttakandi hennar. Frásögnin í Þorgilssögu kemur frá aðila sem átti ekki þátt í sáttunum og ef treysta má Sturlu sem heimildarmanni hlýtur tímasetning sáttana í Þorgilssögu að vera röng.

## 2.2. Þveráreyrabardagi

Í Íslendingasögu og Þorgilssögu má finna orðrétt sömu setningar sem rekja má til ritstjóra en hluta af frásögn Íslendingasögu af Þveráreyrabardaga má einungis finna í Reykjarfjarðarbók en ekki Króksfjarðarbók.<sup>63</sup> Einnig má þó finna misræmi í frásögnum af Þveráreyrabardaga. Í báðum heimildum er stöðu Sturlu við upphaf bardagans lýst. Í Þorgilssögu segir: „Tók Sturla þeim stað, hvar þeir skyldi berjast, þar sem honum þótti grjótt auðfengit, en þó slétt at standa. Var þá skotit á fylking.“<sup>64</sup> Í Íslendingasögu segir:

Sturla gekk í fyrstunni fram frá öðrum mönnum... Þorgils mælti við hann, hví hann færi svá óvarliga. Sturla svarar: „Lát mik sjá fyrir báti mínum, [fræ]ndi, sem auðit má verða, eða sér... [g]anga ekki eftir þeim, því at þeir eru...“ Þorgils hljóp fram til hans ok segir, at þeir skyldi báðir saman vera.<sup>65</sup>

---

<sup>60</sup> „Íslendinga saga,” 480.

<sup>61</sup> „Þorgils saga skarða,” 149.

<sup>62</sup> „Íslendinga saga,” 479.

<sup>63</sup> *Sturlunga saga* II, 577.

<sup>64</sup> „Þorgils saga skarða,” 188.

<sup>65</sup> „Íslendinga saga,” 517.

Í báðum heimildum er Þorgils lýst sem miklum bardagamanni: „Þess getr Sturla í Þorgilsdrápu, er Þorgils gekk fram fyrir skjöldu ok barðist alldjarfliga”<sup>66</sup> og „Þorgils var þar í orrustu, er ströngust var, ok barðist bezt sinna manna.”<sup>67</sup> Varðandi bardagann sjálfan eru frásagnirnar nokkurn veginn í takt, þó að Þorgilssaga segi iðulega nánar frá. Sögunum ber ekki saman um tímaröð atburða í Þveráreyrabardaga en samkvæmt Þorgilssögu tók Jörundur gestur í Eyjólf Þorsteinsson þegar hann reyndi að flýja:

En er hann tók stigreipit ok ætlaði á bak, hljóp í því at honum Jörundr gestr ok þreif um hálsinn ok hnekkti á bak aftr ok felldi hann ok fór á hann ofan... Gekkt Þorvarðr þá at ok tók spjótit tveim höndum ok lagði til Eyjólfis. Sá maðr [hjól] í höfuð Eyjólfis, er Kimbi hét,... ok greinast menn at, hvárr fyrri áverki varð.<sup>68</sup>

Í Þorgilssögu segir einnig að „Kimbi var síðan drepinn, ok segja menn, at þat væri af ráðum Hrafns fullkomliga.”<sup>69</sup> Þetta kemur hvergi fram í Íslendingasögu. Þar segir að Kimbi hafi fyrst gefið Eyjólfis banasár og að Þorvarður hafi sært hann eftir það.<sup>70</sup>

Annars staðar ber sögunum tveimur fullkomlega saman en í þeim báðum má finna nánast orðréttar sömu setningar eins og sjá má á frásögnum um átök Hrafns og Þorvarðar:

Svá segja menn, er Þorvarðr fekk áverkann af Hrafni, at hart var við hann at eiga áðr, en síðan þóttist sá bezt hafa, er honum stóð first hans mótstöðumanna.<sup>71</sup>

Svá segja menn, er Þorvarðr fekk áverkann af Hrafni, at hart var við hann áðr at eiga, en síðan þóttist sá bezt hafa, er first honum var hans mótstöðumanna.<sup>72</sup>

og

Lagði Hrafn þá þegar til Þorvarðs ok hvárr til annars, ok kom í munn hvárum tveggja, ok varð hvárr tveggja sárr ok þó Þorvarðr meir sárr.<sup>73</sup>

Eftir það mættust þeir Þorvarðr [ok Hrafn, ok lagði hvárr] í munn öðrum, svá [at hvárr tveggja varð sárr, ok] gengu tvær tennr ór [munn Þorvarði]... skilði með þeim...<sup>74</sup>

---

<sup>66</sup> „Íslendinga saga,” 517.

<sup>67</sup> „Þorgils saga skarða,” 189.

<sup>68</sup> „Þorgils saga skarða,” 190.

<sup>69</sup> „Þorgils saga skarða,” 190.

<sup>70</sup> „Íslendinga saga,” 518.

<sup>71</sup> „Þorgils saga skarða,” 189.

<sup>72</sup> „Íslendinga saga,” 518.

<sup>73</sup> „Þorgils saga skarða,” 189.

<sup>74</sup> „Íslendinga saga,” 518.



Einnig má finna líkindi þegar fjallað er um Ögmund prjón:

Ögmundur prjónn hét maðr, hann var Fagranessmaðr ok í liði með Þorvarði. Hann sótti at Hrafn ok lét sem hann ætti ekki annat at gera en höggva til hans í ákafa. Hrafn átti við fleirum at sjá, [því at hann var] framarlíga í orrustunni. Hrafn lagði þá til Ögmundar, ok kom framan í stálhúguna ok í gegnum hana, ok var þat banasár, ok fell hann þegar dauðr til jarðar.<sup>75</sup>

Ögmundur prjónn hét maðr, hann var Fagranessmaðr, hann var í liði með Þorvarði. Hann sótti at Hrafn svá sem hann ætti ekki annat at gera en höggva til hans í ákafa. Hrafn átti við fleirum at sjá. Lagði hann þá til Ögmundar, ok kom framan í stálhúfuna ok í gegnum hana, ok var þat hans banasár, ok fell hann dauðr til jarðar.<sup>76</sup>

Á öðrum stað má finna svipaða frásögn í báðum sögum, þegar Hrafn og Ásgrímur flýja frá bardaganum:

Tók þá ok at riðlast lið þeira Eyjólfis, ok þá stökk Hrafn ór bardaga ok Ásgrímur Þorsteinsson ok þeir þrír tigr saman. Sér Hrafn, at þrotin var ván sigs.<sup>77</sup>

Tók þá ok at riðlast lið þeir Eyjólfis. Ok þá stökk Hrafn ór bardaga ok Ásgrímur Þorsteinsson ok þeir þrír tigr saman... [n]gr fór með þeim.<sup>78</sup>

Frásögnin af Þveráreyrabardaga er knappari í Íslendingasögu enda er sennilegt að höfundur Þorgilssögu hafi lagt sérstaka áherslu á bardagan til að upphefja Þorgils. Sturla Þórðarson, höfundur Íslendingasögu hefur hins vegar minni ástæðu til þess þar sem þeir Hrafn Oddsson voru andstæðingar í bardaganum en báðir embættismenn konungs þegar sagan var rituð. Þar að auki er tímabilið frá því að Þorgils kom til Íslands frá Noregi 1252 til dauða hans 1258 ekki aðalatriði í Íslendingasögu á meðan það er nánast allt söguvið Þorgilssögu. Í Þorgilssögu er lögð áhersla á grið Þorgils; „Þorgils var góðr af griðagjöfum“<sup>79</sup> og greint er frá eftirmálum Þveráreyrabardaga þar sem Þorgils gaf Auðuni Tómassyni grið en hann lést stuttu síðar. Þorgils gaf einnig Svarthöfða Dufgussyni og Ólafi Ólafssyni grið.<sup>80</sup> Ekkert kemur fram um griðveitingar Þorgils í Íslendingasögu. Frásögnin í Þorgilssögu af Þveráreyrabardaga er ítarlegri enda mikilvægur atburður í lífi

---

<sup>75</sup> „Íslendinga saga,” 518.

<sup>76</sup> „Þorgils saga skarða,” 189.

<sup>77</sup> „Þorgils saga skarða,” 189.

<sup>78</sup> „Íslendinga saga,” 518.

<sup>79</sup> „Þorgils saga skarða,” 191.

<sup>80</sup> „Þorgils saga skarða,” 191.

Þorgils. Ætla má að frásögn Íslendingasögu sé áreiðanlegri heimild um bardagann, til dæmis í tilviki vígs Eyjólfss þar sem sögurnar segja frá á ólíkan hátt. Í Þorgilssögu er óljóst hver færði Eyjólfvi banasár en Sturla Þórðarson virðist hafa vitað til þess að Kimbi hafi verið sá sem gerði það og leiðrétt þetta í frásögn sinni af bardaganum í Íslendingasögu. Líkindin í frásögnunum má rekja til ritstjóra en frásögnin í Íslendingasögu er heldur knöpp og því gætu setningum úr Þorgilssögu hafa verið bætt inn í til að fódra frásögnina.

### 2.3. Skipan ríkis Þórðar kakala í Eyjafirði

Þorgils skarði var skipaður yfir Eyjafjörð af Noregskonungi en Þorvarður Þórarinnsson taldi sig eiga tilkall til yfirráða þar. Í Hákonarsögu segir að:

Um vetrinn áðr Gizurr jarl kom til Íslands tók Þorvarður Þórarinnsson af lífi Þorgils skarða fyrir þær sakir er Hákon konungur hafði skipat Þorgilsi Eyjafjörð ok allar sveitir fyrir norðan Öxnadalshéiði, þær sem konungur kallaði sína eign. En Þorvarður þóttisk heimildir til hafa af Steinvöru mágkonu sinni.<sup>81</sup>

Hér er vísað í það að árið 1257 fluttist Þorvarður Þórarinnsson á Grund þar sem Steinvör Sighvatsdóttir, systir Þórðar kakala og tengdamóðir Þorvarðs, hafði fengið honum bú. Í Þorgilssögu segir:

Fekk hon þá í hendr Þorvarði bú á Grund ok allar heimildir þær, er hon þóttist eiga í Eyjafirði eftir Þórð, bróður sinn. Sögðu menn, at hon eggjaði hann á at halda sem hann væri drengur til.<sup>82</sup>

Samkvæmt þessu töldu bæði Steinvör og Hákon Noregskonungur sig eiga tilkall til ríkis Þórðar kakala, sem dvaldi þá enn í Noregi. Steinvör setti Þorvarð yfir þetta ríki en Hákon konungur setti Þorgils skarða yfir það. Steinvör taldi sig eiga erfðarétt til ríkisins en konungur taldi sig eiga rétt á ríkinu þar sem Þórður tók yfir ríkið sem fulltrúi konungs. Þetta leiddi til ósættis á milli Þorgils og Þorvarðs þar sem þeir töldu sig báðir eiga rétt á ríki Þórðar kakala, sem lauk með því að Þorvarður vóg Þorgils árið 1258. Í Þorgilssögu er greint frá fundum Þorgils og Þorvarðs þar sem þeir ræddu mál sitt:

Þeir Þorvarður fundust ok kallaði Þorvarður þá til heraðs í Eyjafirði eftir því, sem Steinvör hafði honum til skipat. Þorgils vildi eigi herað láta, „hefi ek til þess

---

<sup>81</sup> *Hákonar saga Hákonarsonar* II, 204.

<sup>82</sup> „Þorgils saga skarða,” 211.

konungs skipan ok jáorð bónda þeira, er byggja heraðit.“ Var ok þat svá, at bændr vildu Þorgilsi þjóna, en eigi Þorvarði.<sup>83</sup>

Kemur hér fram mikilvægur þáttur í máli þeirra Þorgils og Þorvarðs en í Þorgilssögu er lögð áhersla á hylli bænda í Eyjafirði gagnvart Þorgils, sem hvergi er minnst á í Hákonarsögu. Hér skín afstaða höfundar Þorgilssögu í gegn um frásögnina en Sverrir Jakobsson segir höfund Þorgilssögu ekki virðast „hafa borið fullt traust til þess að konungskipanin ein og sér nægði til yfirráða í Eyjafirði“<sup>84</sup> en það gæti útskýrt hvers vegna áhersla er lögð á samþykki bænda á Þorgils í Þorgilssögu.

Í Þorgilssögu er einnig lögð áhersla á góðmennsku Þorgils þar sem greint er frá því að Þorgils trúir því ekki upp á Þorvarð að hann myndi ráðast á hann og virðist málefnalegur og vingjarnlegur í samskiptum þeirra samkvæmt höfundi sögunnar „Var Þorgils mönnum inn mesti grunnur á, at Þorvarðr myndi ætla at stefna at Þorgilsi, ef honum þætti færi á vera. Þorgils báð þá þegja, –„ok vil ek slíkt eigi heyra.“<sup>85</sup> og „Mælti Þorgils þat við ráðamenn heima þar, at þeir skyldi taka sem bezt við Þorvarði, ef hann kæmi þar, ok láta honum til reiðu hestaskipti ok allan þann greiða, er hann þyrfti at hafa.“<sup>86</sup> Einnig kemur fram í Þorgilssögu gjafmildi Þorgils en þar segir að hann „hafði veizlur miklar ok jólaboð mikit. Bauð hann þá til sín mörgum stórbóndum ok gaf þeim stórgjafir.“<sup>87</sup> Afstaða höfundar Þorgilssögu er augljós en eru mannkostir Þorgils undirstrikaðir í frásögn hans, eflaust til að styðja við þá hugmynd að bændur í Eyjafirði hafi viljað vera undir Þorgils en ekki Þorvarði. Vegna afstöðu frásagnar Þorgilssögu má ætla að frásögn Íslendingasögu sé áreiðanlegri. Frásögnin í Þorgilssögu virðist aðallega hafa verið rituð til að styðja tilkall Þorgils til yfirráða í Skagafirði og því lögð áhersla á hylli bænda sem kemur hvorki fram í Íslendingasögu né Hákonarsögu.

Samkvæmt Þorgilssögu urðu sættir Gissurar, Hrafns og Sturlu um vorið 1253 en samkvæmt Íslendingasögu urðu þær ekki fyrr en um haustið. Upphaf frásögn Íslendingasögu af Þveráreyrabardaga er einungis varðveitt í Króksfjarðarbók en ekki Reykjarfjarðarbók en Þorgilssaga er einungis í Reykjarfjarðarbók. Ritstjóri Reykjarfjarðarbókar virðist hafa tekið setningar úr Þorgilssögu og skeytt þeim inn í

---

<sup>83</sup> „Þorgils saga skarða,” 216.

<sup>84</sup> Sverrir Jakobsson, „1277: Um sjónarhorn í veraldlegri sagnaritun á 13. öld,” 11.

<sup>85</sup> „Þorgils saga skarða,” 216.

<sup>86</sup> „Þorgils saga skarða,” 217.

<sup>87</sup> „Þorgils saga skarða,” 216–217.

Íslendingasögu. Frásögnunum ber saman um helstu atriði bardagans en það er aðallega tímaröð atburðanna sem er ólík. Bardagahæfni Þorgils skarða kemur fram í báðum sögum auk vinskapar Þorgils og Sturlu Þórðarsonar. Í Íslendingasögu virðist höfundur hafa leyst úr vafaatriði sem kemur fram í Þorgilssögu um banasár Eyjólfis. Í Þorgilssögu er lögð áhersla á griðveitingar Þorgils en ekkert er sagt um þær í Íslendingasögu. Eins og áður hefur komið fram er frásögn Þorgilssögu höll undir Þorgils og út frá því er eðlilegt að höfundur sé hlutdrægur í garð Þorgils í frásögninni af Þveráreyrabardaga og láti hann líta vel út. Því er lögð áhersla á grið Þorgils og riddaralegar dyggðir hans en griðveitingar Þorgils koma hvergi fram í Íslendingasögu. Þar sem afstaða höfundar er ekki jafn ljós í Íslendingasögu og í Þorgilssögu hlýtur Íslendingasaga að vera áreiðanlegri heimild. Hákonarsögu og Þorgilssögu ber saman um tilkall Noregskonungs til Eyjafjarðar og þar af leiðandi tilkall Þorgils til þess. Báðar heimildir telja því Þorvarð Þórarinsson í órétti gagnvart Þorgils. Hér koma fram tvær ólíkar stjórnskipulegar hugmyndir, erfðaréttur og konungsréttur. Báðar sögur telja konungsréttinn ríkari. Ósamræmi er þó milli heimildanna um það hvort að konungsskipanin hafi verið næg til yferráða. Frásögn Hákonarsögu tekur mið af því en í Þorgilssögu er lögð sérstök áhersla á samþykki bænda á Þorgils sem bendir til þess að höfundur sögunnar hafi verið óviss um það að konungsskipanin nægði til þess að Þorgils gæti náð yferráðum þar. Sjónarhorn höfunda beggja sagna er ljós hvað varðar konungsréttinn og taka þeir báðir afstöðu gegn Þorvarði. Ekkert er sagt um jáorð bænda til Þorgils í Hákonarsögu né Íslendingasögu. Þorgilssaga verður því að teljast óáreiðanlegri vegna afstöðu höfundar.

### 3. Noregskonungur

Frá fjórða áratugi 12. aldar til miðbiks 13. aldar geisuðu borgarastyrjaldir í Noregi. Ástæða þessa voru óskýrar reglur konungsríkisins um erfðarétt til norsku krúnunnar.<sup>88</sup> Um aldamótin 1200 lögðu átökin en árið 1217 tók Hákon Hákonarson eða Hákon gamli við krúnunni í Noregi. Hann ríkti til ársins 1263 en á meðan hann var við stjórn tókst honum, fyrstum allra, að sameina norska ríkið eftir langt skeið borgarastyrjalda. Þegar átökunum fór að lægja, þó að borgarastyrjöldunum hafi ekki lokið fyrr en árið 1240, gat Noregskonungur einbeitt sér að útpenslu Noregs. Þá beindist athygli Hákonar konungs að Íslandi og hófust þá tilraunir hans til að koma landinu undir sig. Snorri Sturluson dvaldi í Noregi á árunum 1218–1220 og ráðlagði hann Noregskonungi og Skúla jarli Bárðarsyni að besta leiðin til þess að koma Íslandi undir norsku krúnuna væri að vingast við valdamestu mennina á Íslandi, gera þá handgengna sér og nota þá til að sinna erindi sínu á Íslandi.<sup>89</sup> Hákon Noregskonungur beitti þessu ráði og gerði stóran hluta höfðingjastéttarinnar á Íslandi á 13. öld hirðmenn sína. Frá 12. öld höfðu íslenskir höfðingjar sóst eftir því að vingast við Noregskonung og gerast hirðmenn hans til að styrkja stöðu sína á Íslandi. Þar má nefna Sturlu Sighvatsson, Gissur Þorvaldsson, Þórð kakala og Þorgils skarða sem dæmi. Hirðmenn konungs gengust undir trúnaðareid gagnvart konungi og þurftu að lúta hirðlögum. Konungur gat þannig stjórnað þeim með því að senda þá til Noregs og banna þeim að snúa aftur til Íslands í þeim tilgangi að þeir ynnu fyrir hann að því að koma Íslandi undir hans stjórn. Á hinn bóginn þurftu íslenskir höfðingjar á Noregskonungi að halda sem táknrænu valdi til að ná sjálfir völdum á Íslandi. Gunnar Karlsson benti á það að „þegar hirðmenn konungs höfðu mannaforráð á Íslandi gat ekki hjá því farið að konungur eignaðist fyrr eða síðar eitthvað af þeim sjálfur.“<sup>90</sup> Þetta er mikilvægur punktur sem undirstrikar stórtæk áhrif Hákonar Noregskonungs á íslenska valdabaráttu á Íslandi. Noregskonungur átti óbeinan þátt í þeim átökum sem áttu sér stað á Íslandi á Sturlungaöld enda hófust helstu átök þessa ófriðartíma þegar Sturla Sighvatsson kom til Íslands með þau fyrirmæli frá Hákonni Noregskonungi að taka yfir landið fyrir hönd hans. Noregskonungur var þannig utanaðkomandi afl sem valdi sér fulltrúa til að styðja í valdabaráttunni á Íslandi. Án aðkomu Hákonar hefði verið erfitt

<sup>88</sup> Sverrir Jakobsson, „The Early Kings of Norway, The Issue of Agnatic Succession, and the Settlement of Iceland,“ *Viator* 47 nr. 3 (2016): 187.

<sup>89</sup> Gunnar Karlsson. „Frá þjóðveldi til konungsríkis,“ 50–51.

<sup>90</sup> Gunnar Karlsson, „Frá þjóðveldi til konungsríkis,“ 51.

fyrir einstakling að taka yfir öll völd á Íslandi og halda þeim til lengri tíma. Þetta er mikilvægur punktur þar sem einn höfðingi gat ekki komist til valda á Íslandi án þess að aðrir höfðingjar beindu spjótum sínum að honum. Þannig leiddu innri átök og hefndir, sem voru mikilvægur þáttur í íslensku samfélagi á miðöldum, til þess að einn maður eða fjölskylda gat ekki haldið völdum til lengdar án utanaðkomandi aðstoðar. Með afskiptum Noregskonungs af íslenskum stjórnámálum breyttist þessi skipan samfélagsins. Sá sem komst til valda á Íslandi í umboði konungs gat stefnt andstæðingum sínum til Noregs og konungurinn gat haldið þeim þar og þar með barið niður andstöðu við fulltrúa sinn. Þannig nýttu íslenskir höfðingjar á Sturlungaöld sér Noregskonung til þess að öðlast sjálfir meiri völd á Íslandi.

Upphaf Sturlungaaldar er oft miðað við heimkomu Snorra Sturlusonar en hann sneri aftur til Íslands árið 1220. Þá hafði hann fyrirmæli frá Hákonu konungi og Skúla jarli að sannfæra Íslendinga um að það væri best fyrir þá að fara undir stjórn norsku krúnunnar. Þetta var í fyrsta en ekki síðasta skipti sem Noregskonungur notaði þá aðferð sem Snorri hafði ráðlagt honum að nota til að koma Íslandi undir sig; að senda íslenska höfðingja til landsins til að sinna erindi sínu. Snorri virðist ekki hafa einbeitt sér að fyrirmælum Noregskonungs og árið 1237 sneri hann aftur til Noregs. Árið 1235 kom Sturla Sighvatsson til Íslands eftir dvöl í Noregi í þeim tilgangi að koma landinu undir stjórn Noregskonungs þar sem konungur var ósáttur með litla framför Snorra í því verkefni. Við heimkomu Sturlu upphófst mesti ófriðurinn sem kenndur er við Sturlungaöld. Sturla hafði þá stuðning Noregskonungs til þess að taka völd á Íslandi sem reitti aðra höfðingja landsins til reiði og leiddi til mikilla átaka.<sup>91</sup> Í Hákonarsögu segir að Noregskonungur hafi sagt Sturlu að „eigi skyldi með manndrápum vinna landit“<sup>92</sup> heldur ætti Sturla að stefna andstæðingum sínum til konungdóms eða komast yfir ríki þeirra með öðrum hætti, án þess að tekið væri til átaka. Sturla féll í Örlygsstaðabardaga og árið 1239 sneri Snorri Sturluson aftur til Íslands þvert á fyrirmæli Hákonar konungs. Sama ár lét Hákon konungur drepa Skúla jarl vegna misheppnaðrar uppreisnar sem Skúli stóð fyrir. Hákon taldi að Snorri hafði verið vitorðsmaður Skúla. Þriðji maðurinn sem Hákon Noregskonungur sendi til Íslands til að vinna landið undir sig var Gissur Þorvaldsson. Árið 1241 lét Gissur drepa Snorra Sturluson fyrir landráð, út frá fyrirmælum Hákonar

---

<sup>91</sup> Gunnar Karlsson, „Frá þjóðveldi til konungsríkis,” 49.

<sup>92</sup> *Hákonar saga Hákonarsonar* II, 25.

konungs og eftir það var Gissur orðinn einn af þeim höfðingjum sem hélt mest völd á Íslandi. Þannig komst Hákon Noregskonungur yfir þau mannaforráð, landsvæði og goðorð sem höfðu tilheyrt Snorra. Þegar Þórður kakali sneri aftur til Noregs eftir að hafa tekið yfir Borgarfjörð, Skagafjörð og Eyjafjörð taldi Hákon Noregskonungur sig eiga tilkall til yfirráðasvæðis hans. Hákon setti þá sendimenn sína sem unnu að því að koma landinu undir stjórn hans yfir þessi ríki en þar má nefna Þorgils skarða Böðvarsson sem dæmi. Konungur skipaði Þorgils mannaforráðin og landsvæðið sem áður höfðu tilheyrt Snorra Sturlusyni og Þórði kakala. Þorgils kom til Íslands árið 1252 í því erindi að taka yfir Borgarfjörð og stuðla að því að Noregskonungur tæki yfir Ísland. Í Íslendingasögu og Þorgilssögu kemur ekki fram sama afstaða til Noregskonungs. Þegar Þorgils ferðast um landið til að taka yfir þau landsvæði sem Noregskonungur taldi sig eiga eignarétt á kemst hann í kynni við andstöðu við erindi konungs Þess má geta að í Hákonarsögu er ekki greint frá neinni andstöðu við erindi konungs sem er skiljanlegt þar sem hún var samin að beiðni sonar Hákonar Noregskonungs og á þeim tíma þegar hún var rituð af Sturlu Þórðarsyni var hann hirðmaður Noregskonungs. Helgi Þorláksson velti því fyrir sér hvort Þorgilssögu hafi verið sleppt í frumgerð Sturlungu þar sem hún „snerist að miklu leyti um andúð á konungserindi eða fyrirstöðu við því.“<sup>93</sup> Þess má geta að öll dæmi um andúð á Noregskonungi eða erindi hans sem finna má í Sturlungu koma úr Þorgilssögu. Þetta sést í frásögn Þorgilssögu af kynnum Þorgils við héraðsbændur þegar hann sneri aftur til Íslands og flutti erindi konungs sem fólst í því að hann tæki yfir mannaforráðin og landsvæðið sem Snorri Sturluson hafði áður verið yfir. Þorgils mætti töluverðri andstöðu í erindi sínu, sem verður hér farið yfir.

Með því að nýta sambönd við íslenska stórhöfðingja varð Noregskonungur valdamikill leikmaður í íslenskum stjórnámálum þó að Ísland væri ekki komið undir norsku krúnuna og Noregskonungur stjórnaði landinu ekki beint. Eins og Gunnar Karlsson benti réttilega á var goðaveldið á Íslandi „að breytast í eins konar lénsveldi [Noregs]konungs. Tilraunir Noregskonungs til að koma Íslandi undir sig voru stór þáttur í ófriði Sturlungaaldar sem leiddi að lokum til þess að markmiði hans var náð. Þó að Noregskonungur tók ekki beinan þátt átökunum á Íslandi og hvatti fulltrúa sína til að taka ekki til vopna voru það oft íslenskir fulltrúar hans sem áttu í átökum. Eftir blóðug átök í nokkra áratugi sendi Hákon Noregskonungur Gissur Þorvaldsson, þá með jarlstign, aftur

---

<sup>93</sup> Helgi Þorláksson, „Sturlunga– Tilurð og markmið,” 82.

til Íslands og tókst honum ætlunarverk sitt með undirritun Austfirðinga á Gamla sáttmála árið 1264 með aðkomu Brands Jónssonar biskups en þar með höfðu allir Íslendingar játað að ganga undir stjórn Noregskonungs.<sup>94</sup>

### 3.1. Afstaða til Noregskonungs

Það er athyglisvert að skoða hver afstaða Íslendinga var til Noregskonungs á þeim tíma þegar hann hóf tilraunir sínar til að leggja landið undir sig. Þar ber heimildum ekki saman en í Þorgilssögu kemur fram ákveðin afstaða sem er ekki jafn greinileg í Íslendingasögu. Fram að útkomu Þorgils skarða til Íslands 1252 er fjallað um Hákon Noregskonung í jákvæðu ljósi fyrir utan það að hann neitaði nokkrum sinnum beiðnum Þorgils að fara til Íslands.<sup>95</sup> Noregskonungi er lýst sem gjafmildum og hugrökkum manni sem tók Þorgils vel, sérstaklega eftir að hafa séð hversu djarfur Þorgils var þegar eldur kviknaði í bænum.<sup>96</sup> Í Þorgilssögu er tekið fram að héraðsbændur voru ekki allir tilbúnir til að samþykkja konungserindið sem Þorgils skarði fór með, þ.e. að hann tæki yfir það landsvæði og mannaforráð sem áður hafði tilheyrt Snorra Sturlusyni. Í Þorgilssögu segir að „Konungr kallaði arf Snorra Sturlusonar hafa fallit undir sik, slíkt it sama lendur þær, er Snorri hafði átt... Skyldi Þorgils vera heimtandi ok sækjandi allra þessa mála, er löglig mætti á standa meðferð þessa fjár.“<sup>97</sup> Í Íslendingasögu er greint frá því að „Þorgilsi skarða [var skipaður] Borgarfjörður.“<sup>98</sup> Í Hákonarsögu segir að Þorgils fór til Íslands til að taka yfir „þau ríki á Íslandi sem Hákon konungr hafði þeim skipat.“<sup>99</sup> Heimildum ber hér saman um að Þorgils hafi verið skipaður yfir Borgarfjörð af Hákon konungi. Sumir töldu Noregskonung ekkert tilkall eiga til ríkisins og gæti því ekki eignað það öðrum íslenskum höfðingja.<sup>100</sup> Aðrir töldu Þorgils ekki hafa rétt til að taka yfir ríki sem Þórðar kakali hafði verið settur yfir í nafni konungs. Hafa þarf í huga að einhverjir þeirra áttu hagsmuna að gæta og töldu sig tapa völdum ef einhver annar tæki yfir lands- og mannaforráðin sem Snorri og Þórður kakali höfðu áður. Afstaða bónda í Borgarfirði virðist hafa verið sú að Þórður kakali væri eini rétti fulltrúi konungs og vildu því ekki samþykkja Þorgils skarða.

---

<sup>94</sup> Sverrir Jakobsson, *Auðnaróðal*, 255.

<sup>95</sup> „Þorgils saga skarða,“ 111–112.

<sup>96</sup> „Þorgils saga skarða,“ 113–114, 118.

<sup>97</sup> „Þorgils saga skarða,“ 118.

<sup>98</sup> „Íslendinga saga,“ 476.

<sup>99</sup> *Hákonar saga Hákonarsonar* II, 161.

<sup>100</sup> „Þorgils saga skarða,“ 120–121.



Árið 1252 stefndi Þorgils skarði fund að Höfðahólum þar sem héraðsbændur létu „drjúgliga“.<sup>101</sup> Samkvæmt Þorgilssögu virtu héraðsbændurnir sem mættu þennan fund að Hákon Noregskonungur hafi skipað Þorgils landsvæðið sem Snorri hafði áður verið yfir en margir þeirra töldu hann ekki hafa rétt til þess að setja hann yfir hérðaðið þar sem konungur átti ekki tilkall til þess; „...þótti konungur ekki makligr at hafa nökkur forræði á erfð Snorra Sturlusonar.“<sup>102</sup> Þorleifur Þórðarson, sonur Þórðar Böðvarssonar prests, móðurbróður Snorra Sturlusonar og vinur Snorra, var þar fremst í flokki en Þórður kakali hafði skipað hann yfir Borgarfjörð áður en hann fór til Noregs. Á fundinum mælti Þorleifur: „vitum vér, at þér er skipat herað þetta af konungi, ok er þat erindi hans í dag, en margir mæla þat, at hann eigi ekki í. Em ek ekki arfi Snorra Sturlusonar, þótt ek hafa hér nökkura forsjá með ráði Þórðar.“<sup>103</sup> Með Þorleifi í andstöðu við erindi Þorgils voru Ólafur Þórðarson hvítaskáld og Egill Sölmundarson en þeir töldu Noregskonung ekki eiga tilkall til arfs Snorra Sturlusonar.<sup>104</sup> Ólafur var bróðir Sturlu Þórðarsonar, föðurbróðir Þorgils skarða og bróðursonur Snorra Sturlusonar og Egill var systursonur Snorra Sturlusonar.<sup>105</sup> Því mætti draga þá ályktun að Sturlungar hafi leitt andstöðuna við Þorgils skarða á Íslandi.

Við fund Þorgils og Sturlu Þórðarsonar að Helgafelli sagði Sturla að þeir sem „ríki heldu af Þórði kakala, at þeim var óþokki mikill á allri skipan Hákonar konungs.“<sup>106</sup> Hér er ljóst að bændur hafi samþykkt Þórð sem fulltrúa Noregskonungs og því verið ósáttir með Þorgils sem nýjan fulltrúa hans Í Þorgilssögu er jafnframt greint frá því að Sturla hafi viljað „draga Þorgils frá konungs trúnaði.“<sup>107</sup> Höfundur Þorgilssögu ýjar hér að því að Sturla hafi hvatt Þorgils til þess að snúa baki við Noregskonungi. Þetta kemur hvergi fram í Íslendingasögu né Hákonarsögu enda hefur Sturla ekki viljað taka þetta fram þar sem hann var þarna í beinni andstöðu við Noregskonung. Í Íslendingasögu má finna mögulegt dæmi sem túlka mætti sem andstöðu við erindi Noregskonungs. Þar segir að héraðsmenn í Borgarfirði tóku Þorgils „heldr fálíga“.<sup>108</sup> Þó er hægt að túlka frásögnina

---

<sup>101</sup> „Þorgils saga skarða,” 120.

<sup>102</sup> „Þorgils saga skarða,” 121.

<sup>103</sup> „Þorgils saga skarða,” 121.

<sup>104</sup> Sverrir Jakobsson, *Auðnaróðal*, 224.

<sup>105</sup> Ólafur Lárusson, „Ætt Egils Halldórssonar og Egils saga,” *Studia Islandica, Íslensk fræði* 2, Útg. Sigurður Nordal (Reykjavík: 1937), 16.

<sup>106</sup> „Þorgils saga skarða,” 125.

<sup>107</sup> „Þorgils saga skarða,” 125.

<sup>108</sup> „Íslendinga saga,” 477.

sem svo að héraðsmenn voru einungis andvígir Þorgils en ekki Noregskonungi sjálfum eða að þeir hafi ekki viljað tapa völdum sínum eða landsvæði. Líklegasta ástæða þess andstaða við erindi konungs kemur lítið fram í Íslendingasögu er sú að höfundur hennar, Sturla Þórðarson, ásamt Hrafni Oddssyni, var fremstur í flokki hvað varðar fyrirstöðu við Þorgils þegar hann reyndi að taka yfir það ríki sem Hákon konungur taldi sig eiga tilkall til. Sturla og Hrafn voru báðir stuðningsmenn Þórðar kakala.

Andstöðu Sturlu er lýst í Þorgilssögu sem eins og áður hefur komið fram var líklega rituð af stuðningsmanni Þorgils, en því hefur Sturla sjálfur sleppt þegar hann ritaði Íslendingasögu. Dæmi um andstöðu Sturlu koma fram í Þorgilssögu þegar Þorgils dvaldi í Stafaholti í desember 1252 komu Sturla og Hrafn að honum og Hrafn segir að „Þorgils hafi þat svarit Hákonu konungi at drepa Sturlu, frænda sinn, ok vinna sér þat til ríkis.“<sup>109</sup> Þorgils þverneitar fyrir þessar ásakanir og segir: „veit ek eigi, hvárt firr myndi fara, at Hákon konungur myndi slíkt níðingsverk fyrir mik leggja eða ek mynda undir þat játast.“<sup>110</sup> Kemur hér fram hollusta Þorgils við konung þar sem hann tekur fyrir að Hákon konungur myndi ekki færa honum slíkt verkefni. Þorgils segir einnig að hann muni ekki selja Hrafni eða Sturlu né neinum öðrum sjálfðæmi sitt „meðan Hákon konungur er á lífi.“<sup>111</sup> Þorgils leggur til að setja mál þeirra fyrir konungsdóm en Hrafn og Sturla neita því. Hér er Þorgils lýst sem einlægum konungssinna en það er kunnuglegt stef í frásögn Þorgilssögu þar sem Þorgils er staðfastur í erindi sínu fyrir Noregskonung þrátt fyrir andstöðu Íslendinga og þá sérstaklega Borgfirðinga við því. Sturla býður Þorgils sætt með þeim skilyrðum að hann geri með þeim atlögu að Gissuri með fylgdarmönnum sínum.<sup>112</sup> Þorgils segir þá „Á þessa sætt væri lítanda, ef ek ryfa eigi eið minn við konung.“<sup>113</sup> Hér kemur aftur fram hollusta Þorgils við Noregskonung. Hann féllst þó á sættina. Þorgils stendur samt sem áður ekki við orð sín. Eftir sættir þeirra spyr Þórður „hvaða ráðs [Þorgils] ætlaði fyrir sér, ef hann heldi eigi sættina.“ Þorgils hyggst þá fara norður til Heinreks biskups. Þórður Hítningur spurði þá „hvort hann þættist bregða eigum við Hákon konung, ef hann heldi sættina.“ Hann kveðst víst bregða þykjast. „Meiri nauðsyn þykir mér,“ segir Þórður, „at þú haldir þann eið [er þú] svarðir konungi til sæmðar þér, heldur en þann, er þú vannt

---

<sup>109</sup> „Þorgils saga skarða,” 131.

<sup>110</sup> „Þorgils saga skarða,” 131.

<sup>111</sup> „Þorgils saga skarða,” 131.

<sup>112</sup> „Þorgils saga skarða,” 132–135.

<sup>113</sup> „Þorgils saga skarða,” 135.

nauðigr til lífs þér.“<sup>114</sup> Þórður segir hér mikilvægara fyrir Þorgils að standa við loforð sín til konungs frekar en til Hrafn og Sturlu. Hvort sem Þórður er höfundur eða ekki, virðist afstaða hans hér vera boðskapur sögumanns. Þorgils samþykkti skilyrði Hrafn og Sturlu til sátta en stóð þó ekki við loforð sitt. Í stað þess að hitta þá eins og um var samið og fara með þeim að Gissuri fer hann til Heinreks biskups. Hrafn og Sturla verða skiljanlega ósáttir þegar þeir fréttu af því og biskup býður þeim á fund. Biskup kallar þá „friðbrotsmenn á hirðmanni konungs.“ Biskup lætur Þórð „bera sættarboð af hendi Þorgils“ en Þórður segir Þorgils vilja „halda ok hafa Borgarfjörð í friði ok frelsi ok öll þau ríki, sem konungr hafði honum skipat.“ Hrafn og Sturla segja þá „at um þat væri eigi at leita, at þeir myndi gefa upp Borgarfjörð eða önnur ríki þau, sem Þórðr hafði þeim skipat, fyrr en bréf hans kæmi til, kölluðust eigi konungsskipan vilja hafa á heruðum.“<sup>115</sup> Sturla og Hrafn voru hliðhollir Þorleifi sem Þórður kakali hafði skipað yfir ríki sitt í Borgarfirði og töldu þeir Þorgils ekki eiga tilkall til ríkisins. Þá mæta Brandur ábóti og Böðvar úr Bæ, faðir Þorgils, ásamt fleiri bændum. „Ábóti kvað þat Hrafn ok Sturlu vel sama at unna Þorgils góðra sætta, svá illa ok ómannliga sem þeir hefði brotit frið á honum í Stafaholti. Þeir töldu þat, at hann hefði brotit frið í heraðinu ok barit bændr, en suma kúgat, en bætt engum. Böðvar segir það vera „satt, at Þorgils var harðr sumum bøndum, enda var hans eigi með blíðu leitat.“<sup>116</sup>

Út frá þessum frásögnum í Þorgilssögu má sjá að Sturla Þórðarson virðist fremstur allra, ásamt Hrafn, standa í veg fyrir það að Þorgils sinni erindi konungs. Því er skiljanlegt að ekki sé frá þessu sagt í Íslendingasögu, þar sem Sturla hefur viljað fegra sinn þátt gagnvart Noregskonungi og ekki viljað taka fram fyrrum andstöðu sína á konungserindi Þorgils. Jafnframt kemur þessi andstaða hvergi fram í Hákonarsögu, sem Sturla ritaði líka.

### 3.2. Yfirráðasvæði Noregskonungs

Sverrir Jakobsson hefur fjallað um ósamræmi í sögum Sturlungu hvað varðar tilkall Noregskonungs til landsvæðis og mannaforráða á Íslandi.<sup>117</sup> Ljóst er að Noregskonungur taldi sig eiga tilkall til ákveðins landsvæðis á Íslandi en heimildum ber ekki saman um

---

<sup>114</sup> „Þorgils saga skarða,” 136.

<sup>115</sup> „Þorgils saga skarða,” 145.

<sup>116</sup> „Þorgils saga skarða,” 145–146.

<sup>117</sup> Sverrir Jakobsson, „1277: Um sjónarhorn í veraldlegri sagnaritun á 13. öld.” 9–11.

það hvaða landsvæði það fól í sér. Í Íslendingasögu segir að „Gizuri var skipaðr mjök svá allr Norðlendingafjórðungr, en Þorgilsi skarða Borgarfjörðr, Finnbirni Reykjadalr ok þaðan norðr til Jökulsár.“<sup>118</sup> Í Þorgilssögu segir að „konungr kallaði arf Snorra Sturlusonar hafa falit undir sik, slíkt it sama lendur þær, er Snorri hafði átt á deyjanda degi, útan stað í Reykjaholti. Skyldi Þorgils vera heimtandi ok sækjandi allra þessa mála, er löglig mætti á standa meðferð þessa fjár. Finnbirni skipaði konungr ríki fyrir norðan Vaðlaheiði ok ætlaði honum bústað á Grenjaðarstöðum. Gizzurr hafði ríki sitt fyrir sunnan land, ok skyldi hvárr þeira veitta öðrum, Gizzurr ok Þorgils.“<sup>119</sup> Sverrir bendir á að ekkert komi fram um að hann hafi fengið landið frá konungi. „um að hann hafi þegið það úr hendi konungs.“<sup>120</sup> Sverrir nefnir að líklegasta ástæðan fyrir ósamræmi í frásögnum vera að Sturla Þórðarson, höfundur Íslendingasögu „hafi þekkt vel til afstöðu konungs en höfundur Þorgilssögu hafi ekki haft jafnljósa hugmynd um hvaða ríki það voru sem konungur taldi sig eiga tilkall á Íslandi“<sup>121</sup> en bætir við að í Þorgilssögu komi fram að Finnbirni hafi verið skipað ríki af konungi og þar af leiðandi gæti Gissuri einnig hafa verið skipaður Norðlendingafjórðung þó það komi ekki fram.<sup>122</sup> Í Hákonarsögu er greint frá því Þorgils skarði, Gissur og Heinrekur biskup voru sendir til Íslands og „voru þeim skipuð ríki þau á Íslandi er konungur hafði þá heimildum á tekið. Skildu þeir síðan flytja konungs mál við aðra landsmenn.“<sup>123</sup> Þetta sumar fóru þeir út til Íslands, Heinrekur biskup og Gissur, Þorgils og Finnbjörn, og tóku þeir þau ríki á Íslandi sem Hákon konungur hafði þeim skipað.<sup>124</sup> Hér kemur ekkert fram um mótstöðuna sem Þorgils fékk þegar hann flutti erindi konungs í Borgarfirði 1252.

### 3.3. Ívar Englason

Í Hákonarsögu er sagt frá því að Hákon konungur hafi sent Ívar Englason til Íslands árið 1255 til að flytja erindi sitt við landsmenn. Ívar „fann þar Heinrek byskup ok Þorgils skarða, er þá var fyrir í Skagafirði, ok flutti konungs mál fyrir þeim. Tóku þeir báðir vel undir... Kom þá svá at allir Skagfirðingar ok Eyfirðingar ok mestr þorri bónda í

---

<sup>118</sup> „Íslendinga saga,” 476.

<sup>119</sup> „Þorgils saga skarða,” 118.

<sup>120</sup> Sverrir Jakobsson, „1277: Um sjónarhorn í veraldlegri sagnaritun á 13. öld,” 9.

<sup>121</sup> Sverrir Jakobsson, „1277: Um sjónarhorn í veraldlegri sagnaritun á 13. öld,” 9.

<sup>122</sup> Sverrir Jakobsson, „1277: Um sjónarhorn í veraldlegri sagnaritun á 13. öld,” 9.

<sup>123</sup> *Hákonar saga Hákonarsonar II*, 156.

<sup>124</sup> *Hákonar saga Hákonarsonar II*, 161.

Norðlendingafjórðungi játtuðu at gjalda konungi skatt”.<sup>125</sup> Í Þorgilssögu er greint frá því að árið 1256 hafi sendimaður Hákonar Noregskonungs komið til Íslands. Hann er nefndur Ívar Arnljótsson en hér hefur tveimur mönnum verið ruglað saman líkt og tekið er fram í textaskýringum við Þorgilssögu.<sup>126</sup> Sá fyrri er Ívar Arnljótsson sem kom til Íslands árið 1260 eins og sagt er frá í Hákonarsögu og hinn seinni er Ívar Englason sem kemur fram í Hákonarsögu.<sup>127</sup> Í Þorgilssögu segir að Ívar fór með erindi konungs og hafði í för með sér bréf frá konungi til Þorgils. Innihald bréfsins var skipan Noregskonungs á Þorgils yfir Eyjafjörð „ok allar sveitir norðr þaða til fjórðungamóts, því at Þórðr Sighvatsson var þá andaðr. Gengu þá allir bændr undir Þorgils ok játtu honum til yfirmanns.”<sup>128</sup> Í textaskýringum við Þorgilssögu kemur fram að þetta getur ekki verið rétt þar sem Þórður kakali lést ekki fyrr en 11. október árið 1256.<sup>129</sup> Hér má því finna ósamræmi í frásögnum Hákonarsögu og Þorgilssögu. Í frásögn Þorgilssögu kemur fram tvöfeldni sem einkennir söguna. Þetta vekur upp efasemdir um heimildagildi Þorgilssögu. Í Hákonarsögu er sagt frá því að Ívar Englason hafi verið í Skálholti um veturinn 1255 en um vorið ári seinna hafi hann ásamt Heinreki biskupi og Þorgils skarða unnið að því að koma fram erindum konungs í Skagafirði. Á fundi samþykktu Eyfirðingar, Skagfirðingar og meirihluti bænda í Norðlendingafjórðungi að greiða Noregskonungi skatt.<sup>130</sup> Hér er um að ræða mikil tímamót þar sem þetta er fyrsta dæmið um að íslenskir bændur hafi játað skattgreiðslum. Það kemur þó ekkert fram um skattgreiðslur til Noregskonungs í Þorgilssögu sjálfri eins og Sverrir Jakobsson hefur bent á.<sup>131</sup> Í frásögn Hákonarsögu af atburðum ársins 1262 kemur þó greinilega fram hve umdeildur skatturinn var meðal Íslendinga; bændur „héttu jarli stórfé at leysa þat gjald er á var kallat... Ok er Hallvarðr spurði þetta sagði hann at konungrinn vildi ekki at bændr væri pyndir til svá mikilla fégjalda, sagði hann at konungrinn vildi hafa hlýðni af bóndum ok slíkan skatt af landi sem þeim yrði engir afarkostir í at gjalda ok hét þó þar í mót hlunnendum ok réttarbótum.”<sup>132</sup> Hér hafði Hákon konungur sent Hallvarð gullskó til Íslands til að flytja erindi sitt. Sverrir segir Þorgilssögu

---

<sup>125</sup> *Hákonar saga Hákonarsonar* II, 170.

<sup>126</sup> *Sturlunga saga* II, 308.

<sup>127</sup> *Sturlunga saga* II, 308.

<sup>128</sup> „Þorgils saga skarða,” 208–209.

<sup>129</sup> *Sturlunga saga* II, 309.

<sup>130</sup> *Hákonar saga Hákonarsonar* II, 170.

<sup>131</sup> Sverrir Jakobsson, „1277: Um sjónarhorn í veraldlegri sagnaritun á 13. öld,” 11.

<sup>132</sup> *Hákonar saga Hákonarsonar* II, 222.

óaréiðanlegri en Hákonarsögu þar sem „frásögn hennar miðar einkum að því að styðja tilkall Þorgils til valda í Eyjafirði.” Hann segir einnig líklegt að „Sturla Þórðarson hafi þekkt vel til þeirra mála sem hann segir frá í Hákonarsögu” og að „sá sem ritaði Þorgils sögu skarða virðist ekki hafa borið fullt traust til þess að konungsskipanin ein og sér nægði til yferráða í Eyjafirði.”<sup>133</sup> Björn M. Ólsen talar um þetta ósamræmi og segir frásögnina í Hákonarsögu áreiðanlegri þar sem Sturla var kunnugur staðháttum í Noregi og frásögn hans ber saman við annála. Ívar Englason kom til Íslands 1255, ekki 1256 en Ívar Arnljótarson kom ekki til Íslands fyrr en 1260.<sup>134</sup> Samkvæmt Íslendingasögu „sóru Rangæingar þá trúnaðareiða Gizuri jarli ok Hákonu konungi at upphafi“ árið 1260.<sup>135</sup> Í Hákonarsögu kemur hins vegar fram að „Sunnlendingar fyrir austan Þjórsá ok Austfirðingar“<sup>136</sup> hafi samþykkt að greiða Hákonu Noregskonungi skatt á alþingi árið 1261: „sóru hinir bestu bændur úr Norðlendingafjórðungi ok af Sunnlendingafjórðungi fyrir utan Þjórsá Hákonu konungi land og þegna ok ævinligan skatt með slíkum skildaga sem bréf það vátar er þar var eftir gert.”<sup>137</sup>

#### 4. Kirkjan á Íslandi

Kirkjan á Íslandi var hluti af alþjóðlegu kaþólsku kirkjunni og íslensku biskupsstólarnir voru undir erkistólnum í Niðarósi. Haraldur Hreinsson skrifaði að staða Íslands innan miðaldakirkjunnar hafi verið á jaðrinum út frá tveimur sjónarhornum. Annars vegar frá sjónarhorni heimssögunnar en sögusvið miðaldasögunnar var venjulega langt frá Norðrinu. Ísland var því fjarri miðpunkti kirkjusögunnar. Hins vegar var íslenska kirkjan á jaðrinum út frá sjónarhorni kirkjupólitíkur og stjórnsýslu enda var Ísland eins fjarri þungamiðju páfastjórnarinnar í Róm og hægt var.<sup>138</sup>

Frá upphafi var mikil samblöndun kirkjuvalds og veraldlegs valds á Íslandi og því var góður jarðvegur fyrir íslensku goðakirkjuna til að blómstra en héraendis var einkakirkjuskipan. Kirkjur voru iðulega reistar á jörðum þar sem veraldlegar

---

<sup>133</sup> Sverrir Jakobsson, „1277: Um sjónarhorn í veraldlegri sagnaritun á 13. öld,” 11.

<sup>134</sup> Björn M. Ólsen, „Um Sturlungu,” 488.

<sup>135</sup> „Íslendinga saga,” 527.

<sup>136</sup> *Hákonar saga Hákonarsonar* II, 223.

<sup>137</sup> *Hákonar saga Hákonarsonar* II, 223.

<sup>138</sup> Haraldur Hreinsson, *Force of Words. A Cultural History of Christianity and Politics in Medieval Iceland (11th–13th Centuries)*, The Northern World. North Europe and the Baltic c. 400–1700 AD. Peoples, Economies and Cultures Vol. 90 (Leiden: Brill, 2021), 236–237.

valdamiðstöðvar voru fyrir og stórbændur græddu á því þar sem kirkja og kirkjutekjur voru í eigu þeirra.<sup>139</sup> Einkakirkjuskipulagið fól í sér byggingu kirkna á landi einstaklinga. Kirkjan var því eign landeigandans og kirkjufé einnig. Einn þáttur sem einkennir einkakirkjuna er að hún var erfðakirkja sem fól í sér að umráðaréttur yfir kirkjunni gekk í erfðir. Goðar og aðrir höfðingjar nýttu sér þetta og byggðu kirkjur á sínu landi. Þannig héldu goðar haldi á íslensku kirkjunni og biskupar voru oft kosnir úr hópi þeirra.<sup>140</sup> Það sem mestu máli skiptir hér er að kirkjubændur sáu alfarið um menntun presta án eftirlits biskups.<sup>141</sup> Margir fóru þá leið að þjóna sjálfir sem prestar eða höfðu völd yfir prestum í sínum kirkjum. Yfirráð yfir kirkjum og sérstaklega stöðum voru uppistaða áhrifa og valds kirkjugoðanna og lengst af voru biskupar á þjóðveldisöld kirkjugoðar af valdamestu ættunum á Íslandi.<sup>142</sup> Með tíundarlögunum sem lögleidd voru 1096/1097 jukust völd og tekjur kirkjubænda.<sup>143</sup> Þar kom fram að hvorki þurfti að greiða tíund af kirkjufé né goðorðum.<sup>144</sup>

Tveir þættir voru sérstaklega mikilvægir í þróun íslensku kirkjunnar á Sturlungaöld. Annars vegar kirkjuvaldastefnan og hins vegar samband Noregskonungs og kirkjunnar. Kirkjuvaldastefnan barst til Íslands með Þorláki Þórhallssyni Skálholtsbiskupi en hún fól í sér aðskilnað veraldlegs valds og kirkjuvalds.<sup>145</sup> Undir lok 12. aldar kom til mikilla átaka á milli Þorláks biskups og íslenskra höfðingja. Árið 1179 kom Þorlákur til Íslands og var hann fyrsti íslenski boðberi kirkjuvaldastefnunnar á Íslandi. Helstu umbætur kirkjuvaldastefnunnar vörðuðu breytingu á skipulagi kirkjueigna og Þorlákur boðaði einnig umbætur í siðferði vígðra og óvígðra manna. Þorlákur krafðist þess að kirkjan hefði forræði á eignum sínum. Sumar kirkjujarðir voru ennþá í eigu einstaklinga eða fjölskyldna en þeir kirkjustaðir sem kirkjan átti ein og í einhverjum tilföllum kirkjustaðir sem kirkjan átti að hluta til voru kallaðir *staðir*. Stórhöfðingjar voru ósáttir með endurskipulag Þorláks sem leiddi til átaka á milli veraldlegra valdhafa og kirkjuvalds.<sup>146</sup> Kirkjan var þá ekki lengur í einkaeigu höfðingja eða ætta heldur

---

<sup>139</sup> Magnús Stefánsson, „Kirkjuvald eflist,” í *Saga Íslands II*, ritstj. Sigurður Línadal (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag / Sögufélagið, 1975), 72.

<sup>140</sup> Magnús Stefánsson, „Kirkjuvald eflist,” 92.

<sup>141</sup> Magnús Stefánsson, „Kirkjuvald eflist,” 72.

<sup>142</sup> Magnús Stefánsson, „Kirkjuvald eflist,” 91.

<sup>143</sup> Björn Þorsteinsson, *Íslensk miðaldasaga*, 106.

<sup>144</sup> Magnús Stefánsson, „Kirkjuvald eflist,” 62.

<sup>145</sup> Björn Þorsteinsson, *Íslensk miðaldasaga*, 132.

<sup>146</sup> Haraldur Hreinsson, *Force of Words*, 247 og Magnús Stefánsson, „Kirkjuvald eflist,” 76.

sjálfseignarstofnun. Kirkjan eignaðist staðina en þrátt fyrir þessu breytingu skertist réttur biskups. Varðveisla á stöðum gekk í erfðir, þ.e. *erfðastaðir*. Á meðan kirkjan átti kirkjustaði einungis að hluta til réðu kirkjustofnandi og afkomendur hans yfir kirkjufénu þar sem þeir voru landeigendur. Biskup hafði þar af leiðandi lítið forræði yfir bændakirkjum en þegar kirkjur urðu að stöðum var það ekki lengur sjálfsagt að landeigandi og erfingjar hans varðveittu þá.<sup>147</sup>

Björn Þorsteinsson segir að fyrir 1179 hafi verið „óskorað kirkjugoðaveldi” á Íslandi.<sup>148</sup> Á þeim tíma sem hér er skoðaður, um miðbik 13. aldar, fléttuðust veraldlegt vald og kirkjuvald oft á tíðum saman. Valdamiklir menn innan íslensku kirkjunnar höfðu oft afskipti af stjórnámálum og stórhöfðingjar höfðu einnig vald yfir kirkjunni þar sem staðir voru oft í eigu höfðingja sem höfðu enga vígslu.<sup>149</sup> Ekkert miðstjórnarvald né sameiginlegt framkvæmdavald var í þjóðfélaginu á Sturlungaöld og því var ekkert til staðar á þeim tímapunkti sem gat latt þessa þróun.<sup>150</sup> Eftir 1190 gátu goðorðsmenn ekki tekið vígslu.<sup>151</sup> Vígðir menn gátu sömuleiðis ekki haldið goðorði og þar af leiðandi fækkaði keppinautum um veraldleg völd. Þetta var mikilvægur þáttur í samþjöppun valds á Sturlungaöld.<sup>152</sup>

Íslendingar beittu mikilli hörku gagnvart klerkum og biskupum, sérstaklega eftir að Þorlákur varð biskup en þetta breyttist þegar líða fór á Sturlungaöld.<sup>153</sup> Vegna átaka innan íslensku kirkjunnar og á milli kirkju og höfðingja, og þá sérstaklega vegna framkomu höfðingja við biskupa þurfti breytingar á biskupskjöri. Árið 1237 náðu erkibiskupinn og dómklerkaráðið í Noregi undir sig biskupskjöri á Íslandi.<sup>154</sup> Í valdatíð Hákonar Hákonarsonar var samband kirkjunnar og konungs gott og alþjóðleg kirkjulög voru yfirfærð yfir á íslensku kirkjuna. Þessi lög sögðu meðal annars til um aðskilnað

---

<sup>147</sup> Magnús Stefánsson, „Um staði og staðamál,“ *Saga XL:2* (2002): 137, 143, 146, 148, 163.

<sup>148</sup> Björn Þorsteinsson, *Íslensk miðaldasaga*, 128.

<sup>149</sup> Magnús Stefánsson, „Kirkjuvald eflist,“ 114–117 og Agnes S. Arnórsdóttir, *Konur og vígamenn. Staða kynjanna á Íslandi á 12. og 13. öld*, ritstj. Gunnar Karlsson, 12. Bindi, *Sagnfræðirannsóknir Studia Historica* (Reykjavík: Sagnfræðistofnun / Háskólaútgáfan, 1995), 106.

<sup>150</sup> Magnús Stefánsson, „Kirkjuvald eflist,“ 110–111.

<sup>151</sup> Sverrir Jakobsson, „Friðarviðleitni kirkjunnar á 13. öld,“ *Saga XXXVI:1* (1998): 36.

<sup>152</sup> Sverrir Jakobsson, *Auðnaróðal*, 78–79.

<sup>153</sup> Sverrir Jakobsson, „Friðarviðleitni kirkjunnar á 13. öld,“ 20.

<sup>154</sup> Björn Þorsteinsson, *Íslensk miðaldasaga*, 136.



kirkjunnar frá veraldlegu valdi, friðhelgi klerka og bann við vopnaburði þeirra.<sup>155</sup> Með friðhelgi klerka urðu kirkjunnar menn vel til þess fallnir að koma á sáttum og boða frið.<sup>156</sup>

Á þeim tíma sem hér er fjallað um, 1250–1255, var kirkjuvaldastefnan ráðandi á Íslandi en biskupar hérlendis áttu þó erfitt með að halda sér utan við pólitísk átök.<sup>157</sup> Heinrekur Kársson var þar fremstur í flokki en lítið er vitað um bakgrunn hans annað en að hann var ekki Íslendingur. Hann var viðriðinn helstu pólitísku átök Sturlungaaldarinnar en hann kom til Íslands árið 1247 ásamt Þórði kakala, sem var þá fulltrúi Noregskonungs á Íslandi.<sup>158</sup> Lítið var um átök á milli veraldlegs valds og kirkjuvalds á þessum tíma, sem má ætla að stafi frá því að biskupinn og valdamesti höfðingi landsins voru báðir fulltrúar Hákonar Noregskonungs. Heinrekur virðist þó ekki hafa verið ánægður með frammistöðu Þórðar við erindi konungs á Íslandi og því var Þórður sendur aftur til Noregs árið 1250. Sverrir Jakobsson segir það ljóst að hluti af samkomulagi Þórðar og Noregskonungs hafi verið að Þórður virti sjálfstæði biskupsins. Heinrekur var því í betri stöðu en fyrirrennarar hans þar sem hann var ekki einungis fulltrúi kirkjunnar heldur einnig Noregskonungs. Þar af leiðandi hafði hann meira sjálfræði í samskiptum sínum við stórhöfðingjana. Eftir að Þórður fór til Noregs studdi Heinrekur andstæðinga Gissurar, Hrafn Oddsson og Eyjólf ofsa Þorsteinsson en Gissur var þá orðinn helsti fulltrúi Noregskonungs á Íslandi. Þegar Gissur fór til Noregs 1254 tók Oddur Þórarinsson við ríki hans í Skagafirði en honum kom illa saman við Heinrek sem endaði með því að Oddur rændi Heinreki.<sup>159</sup> Fylking höfðingja sem samanstóð bæði af stuðningsmönnum Þórðar kakala og fyrrum stuðningsmönnum Gissurar stóðu fyrir því að Oddur sleppti biskupnum.<sup>160</sup> Hér var Heinrekur biskup miðpunkturinn í atburði sem átti eftir að hafa gríðarlega miklar afleiðingar og mótaði pólitísk átök næstu ára.

---

<sup>155</sup> Sverrir Jakobsson, „Friðarviðleitni kirkjunnar á 13. öld,“ 17.

<sup>156</sup> Sverrir Jakobsson, „Friðarviðleitni kirkjunnar á 13. öld,“ 19.

<sup>157</sup> Sverrir Jakobsson, „Saints and Politicians: The Bishops of Hólar in Troubled Times,“ *Viking and Medieval Scandinavia* 14 (2018): 193.

<sup>158</sup> Sverrir Jakobsson, „Saints and Politicians: The Bishops of Hólar in Troubled Times,“ 201.

<sup>159</sup> Sverrir Jakobsson, „Saints and Politicians: The Bishops of Hólar in Troubled Times,“ 206–207.

<sup>160</sup> Sverrir Jakobsson, „Saints and Politicians: The Bishops of Hólar in Troubled Times,“ 208.

#### 4.1. Heinrekur Kársson Hólabiskup

Heinrekur Kársson, biskup á Hólum frá 1247–1260, kemur oft fyrir í Hákonarsögu Hákonarsonar, Íslendingasögu og Þorgilssögu. Hann var sendur til Íslands ásamt Þórði kakala af Hákonni Noregskonungi með samþykki Vilhjálms kardínála, fulltrúa páfans en samkvæmt Hákonarsögu „skyldu þeir flytja þat erindi við landsfólkit at allir játtaðisk undir ríki Hákonar konungs ok slíkar skattgjafir sem þeim semði.”<sup>161</sup> Í Íslendingasögu kemur þetta erindi Heinreks biskups ekki fram en sagt er frá því að hann hafi komið til Íslands 1252 ásamt Gissuri, Þorgils og Finnbirni.<sup>162</sup> Í Þorgilssögu kemur hins vegar fram að þeir voru „allir ráðnir til útferðar ok beiddust skipunar af konungi...Hét Heinrek biskup konungi ok öllum þeim sínu trausti.”<sup>163</sup> Heinrekur rak erindi Noregskonungs vel og Hákon konungur hefur greinilega haft Heinrek í hávegum. Þetta má ætla út frá frásögn Hákonarsögu um útför Heinreks þar sem Hákon fór sjálfur með útfararræðu Heinreks:

þakkaði Hákon konungr sjálfr söng á grafarbkka ok fór þar um mörgum fögrum orðum ok snjöllum ok lagði mjök til lofs við byskup, sem verðugt var í marga staði.<sup>164</sup>

Vegna kirkjulaga máttu kirkjunnar menn ekki bera vopn en eitt helsta vopn Heinreks var bannfæring sem hann notaði óspart. Oddur Þórarinsson var ósáttur við biskup og rændi honum haustið 1254.<sup>165</sup> Í Íslendingasögu segir að menn Odds „lögðu... hendur á biskup.”<sup>166</sup> Biskupnum var því ekki einungis rænt heldur var hann einnig beittur ofbeldi. Þegar Hrafn og Eyjólfur heyrðu af því sendu þeir eftir Þorgils skarða sem sagðist mundu hjálpa þeim en setti þau skilyrði að þeir „ynni honum at sitja í Skagafirði.”<sup>167</sup> Hrafn og Eyjólfur samþykktu það: „Ok því játtu þeir, ef þat væri samþykki biskups ok bænda”<sup>168</sup> og fylking íslenskra höfðingja fór að leysa biskup undan haldi Odds sem neyddist til að sleppa honum. Stuðningsmenn biskups gerðu þá tilraun til að koma á nýju bandalagi, samkvæmt Þorgilssögu.<sup>169</sup> Mannrán Odds á Heinreki biskupi hafði stórtækar afleiðingar

---

<sup>161</sup> *Hákonarsaga Hákonarsonar II*, 136.

<sup>162</sup> „Íslendinga saga,” 476.

<sup>163</sup> „Þorgils saga skarða,” 118.

<sup>164</sup> *Hákonar saga Hákonarsonar II*, 208.

<sup>165</sup> Sverrir Jakobsson, „Friðarviðleitni kirkjunnar á 13. öld,” 24.

<sup>166</sup> „Íslendinga saga,” 508.

<sup>167</sup> „Þorgils saga skarða,” 162.

<sup>168</sup> „Þorgils saga skarða,” 162.

<sup>169</sup> „Þorgils saga skarða,” 163–164.

sem hófust með bardaga í Geldingaholti árið 1255 þar sem Eyjólfur og Hrafn söfnuðu liði og réðust að Oddi. Oddur var veginn þar.<sup>170</sup> Víg Odds skiptir hér miklu máli því Þorvarður Þórarinsson, bróðir hans, vildi hefna fyrir vígið og fékk til þess aðstoð frá Þorgils skarða og Sturlu Þórðarsyni. Þá var Þveráreyrabardagi háður 1255 þar sem Eyjólfur var veginn en Hrafn flúði. Þveráreyrabardagi leiddi til þess að það slettist upp á venskapinn hjá Heinreki biskupi og Þorgils skarða. Þannig hafði mannrán Odds á Heinreki gríðarlegar afleiðingar, sérstaklega með tilliti til Þorgils skarða.

Heinrekur kom fyrst til Íslands ásamt Þórði kakala og unnu þeir að sameiginlegu erindi. Í upphafi var mikil vinátta á milli þeirra en eitthvað virðist hafa komið upp á milli þeirra. Í Hákonarsögu segir að

þá höfðu þeir menn er helzt váru óvinir Þórðar kært sín mál fyrir byskupi, ok hafði hann tekit þeira mál á sinn varnað. Ok af þessu tók at spillask vinátta þeira byskups ok Þórðar, þar til er þeir urðu á engan hlut sáttir. Var byskup tvá vetr á Íslandi ok fór eftir þat útan á fund Hákonar konungs ok var hinn mesti óvin Þórðar jafnan síðan.<sup>171</sup>

Umtöluðu óvinir Þórðar sem koma fram í Hákonarsögu voru líklegast Gissur og menn hans. Í Þórðarsögu kakala er greint frá því að á þingi sumarið 1248 „veittu allir Þórði tillæti nema Sunnlendingar, þeir er váru menn Gizurar”<sup>172</sup> og seinna kemur fram að Þórður „ýfðist heldr við Sunnlendinga... þeir vildu síðr þjóna honum en öðrum mönnum á Íslandi.”<sup>173</sup> Hér er talað um að menn Gissurar hafi litið svo á að Þórður væri ekki rétti maðurinn til að sinna erindi konungs og út frá þessu má ætla að Gissur hafi ætlað sér að taka hans stað sem fulltrúi Noregskonungs. Ljóst er að ritari Hákonarsögu, Sturla Þórðarson, vildi koma því skýrt fram að Heinreki biskupi þótti Þórður ekki vera nógu tryggur erindi konungs. Seinna kemur fram að „Þetta haust [1249] kom útan af Íslandi Heinrekr byskup ok sagði þau tíðendi at Þórðr kakali legði litla stund á konungs mál. Afflutti byskup mjök mál Þórðar.”<sup>174</sup> Hér gefur Sturla Þórðarson, höfundur Hákonarsögu í skyn að biskup hafi verið ranglátur í garð Þórðar. Sturla tekur því skýra afstöðu með Þórði. Út frá þessari frásögn má ætla að Heinrekur hafi verið helsti hvatamaður þess að

---

<sup>170</sup> „Íslendinga saga,” 516.

<sup>171</sup> *Hákonar saga Hákonarsonar* II, 137.

<sup>172</sup> „Þórðar saga kakala,” 82.

<sup>173</sup> „Þórðar saga kakala,” 82.

<sup>174</sup> *Hákonar saga Hákonarsonar* II, 152.

Þórði yrði stefnt til Noregs. Seinna kemur fram að 1250 hafi Gissur viljað flytja mál sitt við konung en hann vildi þá leyfi til að fara út til Íslands og „Heinrekr byskup flutti þat mest at Gizurr skyldi út fara, því at han stóð mest í móti Þórði ok kalalaði þat ónýtt er Þórður hafði sýslat. Sagði byskup at Þórður hafði í öllu sinn hlut fram dregit en ekki sæmð konungs”.<sup>175</sup> Þar eftir kemur fram að „þeir slógu sér þá saman í vináttu, Heinrekr byskup ok Gizurr, ok fluttu þat fyrir konungi at hans mál mundi betr fara á Íslandi ef þeir væri til sendir.”<sup>176</sup> Hér hefur Heinrekr fundið nýjan fulltrúa sem honum lýst betur á en Þórð kakala til að flytja erindi konungs. Úr þessum frásögnum má lesa að Heinrekr og Gissur voru sammála um það að Þórður væri ekki að standa sig sem fulltrúi Noregskonungs og Gissur gæti hafa talað fyrir því að hann tæki við af Þórði.

Í Íslendingasögu er greint frá vináttu biskups og Gissurar: „Þá váru kærleikar með þeim Heinreki biskupi ok Gizuri.”<sup>177</sup> Þegar hér er komið við sögu voru Gissur og Heinrekr nýkomnir til Íslands. Í Hákonarsögu segir að „Heinrekr byskup flutti þat mest at Gizurr skyldi út fara, því at hann stóð mest í móti Þórði ok kallaði þat ónýtt er Þórður hafði sýslat. Sagði byskup at Þórður hafði í öllu sinn hlut fram dregit en ekki sæmð konungs, ok var því meirr trúat at sinni.”<sup>178</sup> Hér kemur fram að Heinreki hefur þótt Þórður nýta stöðu sína til þess að upphefja sjálfan sig en ekki Noregskonung, sem útskýrir óvináttu þeirra. Eins og áður hefur komið fram varð Gissur Þorvaldsson fulltrúi konungs á Íslandi ásamt Þorgils skarða Böðvarssyni og Finnbirni Helgasyni en þeir voru sendir til Íslands árið 1252 ásamt Heinreki biskupi. Svo virðist sem að venskapur Heinreks og Gissurar hafi fljótlega fuðrað upp en í Hákonarsögu er greint frá því að Heinrekr hafi skipt um skoðun: Í Hákonarsögu segir að „þó gerðisk þá brátt mikill ófriðr á Íslandi milli Gizurar ok þeira annarra er Þórður hafði í skipat í ríkin“<sup>179</sup> og:

Höfðu þeir ok eigi lengi verit á Íslandi, Heinrekr byskup ok Gizurr, áðr byskupi þóttti Gizurr eigi enda þat er hann hafði konungi heitit. Kom þá svá brátt at byskup vendi sinni vináttu til þeira manna er mestir váru óvinir Gizurar. Sagði byskup svá at engi var fullkomnari í en Gizurr at rjúfa alla þá hluti er konungi váru til ok hann hafði heitit.<sup>180</sup>

---

<sup>175</sup> *Hákonar saga Hákonarsonar* II, 153.

<sup>176</sup> *Hákonar saga Hákonarsonar* II, 137.

<sup>177</sup> „Íslendinga saga,” 477.

<sup>178</sup> *Hákonar saga Hákonarsonar* II, 153.

<sup>179</sup> *Hákonar saga Hákonarsonar* II, 161.

<sup>180</sup> *Hákonar saga Hákonarsonar* II, 161.

Í Íslendingasögu segir að Heinrekur hefði fært Eyjólfvi Þorsteinssyni staðinn á Möðruvöllum og að Eyjólfur hefði komið sér „í kærleika við Heinrek biskup af flutningi sjálfs sín ok framkvæmd.“<sup>181</sup> Út frá þessum frásögnum má ætla að Heinrekur hafi misst traust sitt á hæfni Gissurar til að reka erindi konungs og þess vegna hafið vinskap við andstæðinga Gissurar. Eftir Flugumýrabrennu árið 1253 gaf biskup brennumönnum lausn en var ósáttur við Gissur. Í Íslendingasögu segir um brennumenn: „Þaðan riðu þeir út til Hóla ok taka lausn af Heinreki biskupi. Tók hann vel við þeim.“ Heinrekur gaf brennumönnum lausn af sínum málum. Eftir Flugumýrabrennu höfðu Gissur og brennumenn komist að samkomulagi: „grið váru sett þann vetr með þeim öllum“<sup>182</sup> en Gissur rifti þessu samkomulagi þegar hann fór ásamt mönnum sínum í hefndarför. Menn Gissurar vógu þá nokkra brennumenn: Jón, Einar á Öxnahól, Ófeig Eiríksson, Þorgils Sveinsson, Andréas Brandsson, Þorvald Sveinsson og Kolbein grön.<sup>183</sup> Viðtökur Heinreks voru ekki þær sömu við Gissur en hann lýsti „stórmælum yfir Gizuri ok þeim öllum, er þessa ferð fóru með honum – kvað þá vera griðníðinga, gengit á grið ok gervar sættir, ok eigi skyldi syngja né hringja, svá at þeir væri hjá.“<sup>184</sup>

Hér er gríðarlegur munur á viðbrögðum Heinreks. Brennumenn höfðu einnig rofið grið með Flugumýrabrennu en Heinrekur hefur ekki litið jafn illa á þau griðrof af einhverjum ástæðum. Í Íslendingasögu segir einnig að „Þá var fátt með þeim Heinreki biskupi ok Gizuri, ok varð þeim margt til. Hafði biskup harðmæli mikil á Gizur um víg þessi. Gizuri þótti biskup halda heldr ríkt brennumenn.“<sup>185</sup> Heinrekur hefur mögulega verið ákveðinn í því að Gissur ætti ekki að sinna konungserindi á Íslandi og því notað griðrof hans sem ástæðu til að losna við hann. Heinrekur studdi andstæðinga Gissurar, Hrafn Oddsson og Eyjólf ofsa Þorsteinsson og Sverrir Jakobsson segir þetta líklegast vera vegna skoðunar Heinreks um að hvorki Þórður né Gissur hefðu sinnt erindi konungs á fullnægjandi hátt.<sup>186</sup> Gissur og Heinrekur voru augljóslega ósáttir hvor við annan og að lokum fór Gissur aftur til Noregs. Í Íslendingasögu og Hákonarsögu, sem báðar teljast ritaðar af Sturlu Þórðarsyni, kemur vinskapur sem breyttist í andúð fram varðandi

---

<sup>181</sup> „Íslendinga saga,“ 479.

<sup>182</sup> „Íslendinga saga,“ 495–496.

<sup>183</sup> „Íslendinga saga,“ 497–500.

<sup>184</sup> „Íslendinga saga,“ 500.

<sup>185</sup> „Íslendinga saga,“ 501.

<sup>186</sup> Sverrir Jakobsson, „Saints and Politicians: The Bishops of Hólar in Troubled Times,“ 206–207.

samband Heinreks við fulltrúa Noregskonungs, Þórð kakala og Gissur Þorvaldsson. Áhersla er lögð í báðum sögum á að Heinreki þótti þeir ekki sinna erindi sínu frá konungi nógu vel og hefur það verið grundvöllur að vinslitum þeirra.

Svipaða sögu má segja um samband Heinreks við Þorgils skarða Böðvarsson en til að byrja með var mikill vinskapur þeirra á milli. Þetta kemur víða fram í Þorgilssögu þar sem segir meðal annars að Heinrekur tók Þorgils „blíðliga ok bauð honum þar at vera svá lengi sem hann vildi ok öllum hans mönnum”<sup>187</sup> og „Biskup var inn blíðasti við Þorgils, sem áðr hafi hann verit.”<sup>188</sup> Eftir að Þorgils lét drepa Valgarð Þorkelsson skrifaði Heinrekur honum „ok fór með þeim vel ok vingjarnliga.”<sup>189</sup> Þetta er mikilvægt því seinna er Heinrekur ekki jafn umburðarlyndur gagnvart ofbeldisverkum Þorgils. Eftir að Þorgils hafði sæst við Hrafn Oddsson og Sturlu Þórðarson veturinn 1252 og síðan svikið loforð sitt um að fara með þeim að Gissuri sagði Heinrekur „þá vera landráðamenn, Hrafn ok Sturlu ok alla þá, er þeim veittu. Setti hann þá út af heilagri kirkju ok forboðaði þá, en kveðst bíða mundu at sjálfu banni, þar til er hann spyrði fleira illt af ferðum þeira. Biskup mælti, at allir þeir menn, „sem at nökkuru vilja hafa mín orð, verði Þorgilsi at trausti, ef hann þarf nökkurs við.”<sup>190</sup> Heinrekur kallaði Hrafn og Sturlu einnig „friðbrotsmenn á hirðmanni konungs”<sup>191</sup> vegna athæfi þeirra gagnvart Þorgils. Hér má greinilega sjá afstöðu Heinreks sem styður við Þorgils og stendur á móti Hrafn og Sturlu. Heinrekur var fremstur meðal þeirra sem vildu koma sáttum á milli Hrafns, Sturlu og Þorgils og stefndi til þess fund við Hrafn og Sturlu.<sup>192</sup> Ásamt Þórði komust þeir að samkomulagi og sáttir náðust.

Eftir Þveráreyrabardaga virðist Heinrekur ekki hafa sama viðhorf til Þorgils en hann „kallar Þorgils ok Þorvarð í banni ok alla þá menn, er á Þverárfundi hafa verit ok [farit] með ófriði þangat á sveitir í móti þeim Eyjólf ok Hrafn, – fyrirbauð hverjum manni at taka við Þorgilsi í herað ok hét þeim banni ok afarkostum, er at því yrði kunnir.”<sup>193</sup> Hér kemur fram allt annað viðhorf Heinreks til ofbeldisverka Þorgils en hann hafði áður fyrirgefið honum fyrir víg Valgarðs. Biskup var tregur til að koma á mál við

---

<sup>187</sup> „Þorgils saga skarða,” 138.

<sup>188</sup> „Þorgils saga skarða,” 147.

<sup>189</sup> „Þorgils saga skarða,” 147.

<sup>190</sup> „Þorgils saga skarða,” 138–39.

<sup>191</sup> „Þorgils saga skarða,” 145.

<sup>192</sup> „Þorgils saga skarða,” 143.

<sup>193</sup> „Þorgils saga skarða,” 193.

Þorgils og Þorvarð en gerði það að lokum þar sem hann „varð þá reiðr mjök ok mælti mörg óþægilig orð við Þorgils, þau sem eigi hæfir at rita. Hann mælti, at Þorgils ok hans mönnum myndi þat eki heimilt, er bændr gæfi honum, – „ok eigi skal yðr heimul jörð at ganga á, eigi himinninn at horfa á ok engan hlut heimilan nema helvíti.””<sup>194</sup> Heinrekur neitaði að fyrirgefa ofbeldisverk þeirra og seinna í Þorgilssögu kemur fram að með Þorgils og biskupi var „slíkt eða meiri fjandskapr en áðr þeir höfðu fundizt í Eyjafirði”<sup>195</sup> og að „biskup myndi þann sama dag bannsyngja hann ok steypa kertum ok meiri ván hann bannsetti allt herað”<sup>196</sup> Þegar hér er komið við sögu mótmælir Heinrekur því að Þorgils taki yfirráð í Skagafirði og virðist líta svo á að Þorgils hafi ekki umboð konungs til að ríkja yfir Skagafirði. Mögulega hefur Heinreki þótt Þorgils óhæfur til erindisins vegna ofbeldisverka hans í Þveráreyrabardaga og andstöðu hans við þá menn sem Heinrekur studdi. Að lokum náðust þó sáttir á milli Þorgils og Heinreks þegar Þorgils bauð „eindæmi biskups á öllum þeim málum, sem hann hafði við kirkju rétt ok kennimanna brotit – ok þat prófaðist lögliga –, ok fyrir þat skjótræði, er hann hafði þar haft á staðnum. Skyldi biskup þá taka ór banni ok veita þeim skrift... Skyldi nú hvárr þeira vera annars vinr. Skyldi biskup heimta heraðsmenn til vináttu við Þorgils, en Þorgils skyldi styrkja biskup í alla staðarins nauðsyn til réttinda. Tóku þeir at því höndum saman ok váru þá vel sáttir.”<sup>197</sup> Heinrekur studdi þá tilkall Þorgils til yfirráða yfir Skagafirði og barðist fyrir því, ásamt Þorgils og Ívari Englasyni að Skagfirðingar og Eyfirðingar játtu að greiða Noregskonungi skatt árið 1256.<sup>198</sup>

Heinrekur Kársson var mjög áhrifamikill á tíma sínum á biskupsstólnum á Hólum og var að einhverju leyti viðriðinn helstu pólitísku átök tímabilsins. Hann tók oft á tíðum afgerandi afstöðu gegn eða með stórhöfðingjum á Íslandi eins og sjá má á frásögnum úr Þorgilssögu, Íslendingasögu og Hákonarsögu. Heinrekur sinnti ekki einungis starfi sínu sem fulltrúi kirkjunnar og biskup á Hólum heldur virðist hann sérstaklega hafa einbeitt sér að erindum Hákonar Noregskonungs. Þess má geta að eftirmaður hans, Brandur Jónsson virðist einnig hafa gert það. Afstaða Heinreks til Noregskonungs er skýr í

---

<sup>194</sup> „Þorgils saga skarða,” 198–199.

<sup>195</sup> „Þorgils saga skarða,” 200.

<sup>196</sup> „Þorgils saga skarða,” 204.

<sup>197</sup> „Þorgils saga skarða,” 205.

<sup>198</sup> Sverrir Jakobsson, „Friðarviðleitni kirkjunnar á 13. öld,” 41–42.

samanburði við starfsbróður hans í Skálholti, Sigvarð Þéttmarsson, sem einbeitti sér að stefnu kirkjunnar fremur en að erindi konungs.<sup>199</sup>

#### 4.2. Sigvarður Þéttmarsson Skálholtsbiskup

Sigvarður Þéttmarsson, Skálholtsbiskup frá 1238–1268, var ólíkur Heinreki Kárssyni á þann hátt að Sigvarður var fyrst og fremst fulltrúi kirkjunnar og virtist ekki vinna að erindi konungs nema tilneyddur.<sup>200</sup> Sigvarður var norskur og var vígður til biskups af Sigurði Eindriðasyni, erkibiskupi í Niðarósi, árið 1238. Áður hafði hann verið ábóti í Selju.<sup>201</sup> Í Íslendingasögu segir þannig frá komu Sigvarðs til Íslands: „Þetta sama sumar kómu þeir út Sigvarðr biskup, er vígðr var til Skálaholts.“<sup>202</sup> Sigvarður var hefðbundinn fulltrúi kirkjunnar og sinnti hlutverki sínu sem boðberi sátta og friðar en hann gekk á milli og leysti úr deilumálum íslenskra höfðingja í nafni kirkjunnar. Þar má nefna sem dæmi mál Þorkels prests og Þorgils skarða eftir víg Valgarðs Þorkelssonar. Í Þorgilssögu segir „Tók biskup við málinu til forsjár... Leitaði biskup þá um sættir með þeim Þorgilsi ok Þorkatli... Váru þeir þá sáttir, ok fór vel með þeim biskupi ok Þorgilsi.“<sup>203</sup> Sigvarður tók einnig þátt í sáttum Gissurar Þorvaldssonar og Órækju Snorrasonar 1242 en í Íslendingasögu er sagt frá málum þeirra: „Órækja bauð, at biskup einn skyldi gera um öll óskoruð mál. Þessi sætt játaði Gizurr.“<sup>204</sup> Seinna voru Gissur og Órækja enn ósáttir og vildi Gissur sjálfur sjá um mál þeirra á fundi við Hvítárbrú. Í Íslendingasögu segir um viðbrögð Sigvarðs við því: „Biskup ok Brandr ábóti bregðast mjök reiðir við þetta ok kalla in mestu svik við sik ger ok alla þá, er hlut áttu at þessum málum.“<sup>205</sup> Sigvarður varð þá ósáttur við Gissur og var þetta ekki í síðasta skipti sem Gissuri var sýnd óvild af biskupi á Íslandi, samanber samskipti hans og Heinreks.

Af þessum dæmum má ráða að friðarstefna og gildi kirkjunnar um aðskilnað kirkjuvalds og veraldlegs valds hafi verið ofarlega í huga Sigvarðs biskups en hann skipti sér lítið af veraldlegri pólitík á Íslandi nema til að leita sátta milli deiluaðila þegar þörf

---

<sup>199</sup> Orri Vésteinsson, *The Christianization of Iceland. Priests, Power and Social Change 1000–1300* (Oxford: Oxford University Press, 2000), 222.

<sup>200</sup> Sverrir Jakobsson, *Auðnaróðal*, 236.

<sup>201</sup> Sverrir Jakobsson, *Auðnaróðal*, 198.

<sup>202</sup> „Íslendinga saga“, 445.

<sup>203</sup> „Þorgils saga skarða“, 161.

<sup>204</sup> „Íslendinga saga“, 464.

<sup>205</sup> „Íslendinga saga“, 467.



var á. Í Þorgilssögu kemur þó fram að Sigvarður hafi átt í einhvers konar deilum við Þórð Andréasson 1257 en hvergi kemur fram í hvers konar deilum þeir áttu.<sup>206</sup>

Sigvarður fór ásamt Þórði kakala til Noregs árið 1250 líkt og greint er frá í Hákonarsögu: „þetta haust kómu þeir útan af Íslandi, Sigvarðr byskup...“<sup>207</sup> Sigvarður sneri aftur til Íslands árið 1254. Í Hákonarsögu er greint frá því að sumarið 1254 sendi Hákon konungur Sigvarð til Íslands „at flytja mál konungs á þingi á Íslandi.“<sup>208</sup> Í fylgd með honum var Sigurður silkjauga, hirðmaður konungs sem átti að „skynja hversu einarðliga byskup færi í konungs málum“<sup>209</sup> Þetta gæti verið vísbending um að konungur hafi ekki borið fullt traust til Sigvarðs en eins og áður hefur komið fram lagði hann mikið traust á starfsbróður hans á Hólum, Heinrek. Aðra vísbendingu um þetta má finna í Hákonarsögu þar sem kemur fram að „Ívarr var um vetrinn [1255] í Skálaholti, ok þótti honum Sigvarðr byskup minna hug á leggja konungs erendi en hann hafði heitit.“<sup>210</sup> Hér er um að ræða Ívar Englason. Þetta bendir til þess að Hákon konungi hafi fundist hann hafa ástæðu til að fylgjast grannt með Sigvarði enda eru engar heimildir til um að Sigvarður hafi sinnt erindi konungs á alþingi.

Þegar Sigvarður kom til Íslands 1254 lofaði Gissur honum utanferð sinni líkt og kemur fram í Íslendingasögu: „þeir Gizurr váru sáttir ok Gizzur ætlaði útan.“<sup>211</sup> Áður hafði þá verið greint frá því að Gissur sagðist vilja: „útan um sumarit, kvaðst illt þykkja at hafa forboð biskupa á sér, en kvaðst vænta, at hann myndi hafa allar sæmðir af málum þessum, ef han fyndi sinn herra, Hákon konung.“<sup>212</sup> Samkvæmt Hákonarsögu kom Heinrekur til að aðstoða Sigvarð þegar hann ræddi við Gissur: „Sigvarðr byskup fann Gizur fyrir sunnan land, ok var hann í stórmælum af Heinreki byskupi. Ok er Heinrekr byskup spurði skipkvámuna reið hann suðr um heiði, ok herðu þeir þá báðir byskuparnir at Gizuri, svá at hann rézk þá þegar til utanferðar.“<sup>213</sup> Sverrir Jakobsson telur þetta benda til þess að Gissur hafi ekki verið jafn viljugur til að fara utan og fram hafði komið í Íslendingasögu. Jafnframt telur Sverrir að Sigvarður hafi talið sig hafa uppfyllt skyldur

---

<sup>206</sup> „Þorgils saga skarða,“ 215.

<sup>207</sup> *Hákonar saga Hákonarsonar* II, 153.

<sup>208</sup> *Hákonar saga Hákonarsonar* II, 169.

<sup>209</sup> *Hákonar saga Hákonarsonar* II, 169.

<sup>210</sup> *Hákonar saga Hákonarsonar* II, 170.

<sup>211</sup> „Íslendinga saga,“ 506.

<sup>212</sup> „Íslendinga saga,“ 502.

<sup>213</sup> *Hákonar saga Hákonarsonar* II, 169.

sínar gagnvart konungi þegar Gissur fór til Noregs.<sup>214</sup> Þegar frásagnir af biskupunum tveimur eru bornar saman má sjá að Heinrekur var óhefðbundinn fulltrúi kirkjunnar þar sem hann lagði sérstaka áherslu á að sinna erindi konungs og hafði mikil afskipti af veraldlegri pólitík. Heinrekur var gjarn á að taka skýra afstöðu með veraldlegum höfðingjum sem studdu erindi konungs og gegn þeim sem ekki voru hliðhollir konungi. Sigvarður var hins vegar hefðbundinn fulltrúi kirkjunnar og afstaða hans í samræmi við kirkjuvaldastefnuna sem stóð fyrir aðskilnaði kirkjuvalds og veraldlegs valds. Ásamt því að sinna erindi kirkjunnar aðlagði Heinrekur sig að pólitísku landslagi á Íslandi í þeim tilgangi að koma fram erindi konungs.

## Niðurstöður

Hér hefur verið sýnt fram á það að ólíkar frásagnir af sömu atburðum endurspegla sjónarhorn höfunda sagnanna þar sem afstaða þeirra skín í gegnum frásagnirnar. Vitað er til þess að Sturla Þórðarson hafi skrifað *Hákonar sögu Hákonarsonar* en hann er einnig talinn hafa ritað *Íslendinga sögu*. Hér hefur verið gert ráð fyrir því og má finna samræmi milli afstöðu höfunda í þessum ritum, þá sérstaklega gagnvart Noregskonungi. Þar eru helst ólíkir markhópar sem geta skýrt misræmi í afstöðu höfunds. Höfundur *Þorgils sögu skarða* er óþekktur en rök Bjarnar M. Ólsen fyrir því að mágur Þorgils, Þórður Hítnesingur hafi skrifað hana eru sannfærandi. Burtséð frá því hvort þau standist er ljóst að höfundur Þorgilssögu hefur verið tryggur stuðningsmaður Þorgils og að Þórður Hítnesingur hafi verið mikilvægur heimildarmaður við ritun sögunnar.

Víða má finna ósamræmi í frásögnum Íslendingasögu, Þorgilssögu og Hákonarsögu af pólitískum átökum á Íslandi frá 1252–1255. Hér hafa verið tekin þrjú dæmi; sættir Gissurar Þorvaldssonar, Hrafns Oddssonar og Sturlu Þórðarsonar, Þveráreyrabardagi og skipan ríkis Þórðar kakala í Eyjafirði. Samkvæmt Þorgilssögu urðu sættir þeirra um vorið árið 1253 en samkvæmt Íslendingasögu urður þær ekki fyrr en um haustið. Í Þorgilssögu er jafnframt ekki gert ráð fyrir flokkadráttum á alþingi sama ár en í Íslendingasögu er það gert. Samkvæmt Þorgilssögu höfðu höfuðandstæðingar sæst fyrir alþingi og því ættu ekki að hafa verið neinir flokkadrættir. Íslendingasaga hlýtur að vera

---

<sup>214</sup> Sverrir Jakobsson, *Auðnaróðal*, 231.

áreiðanlegri heimild í þessum samanburði þar sem Sturla var sjálfur viðstaddur sættina og tók þátt í henni.

Frásagnir Íslendingasögu og Þorgilssögu af Þveráreyrabardaga eru sammála um flest atriði bardagans en tímaröð atburða er ekki eins. Auk þess kemur ekkert fram um griðveitingar Þorgils í Íslendingasögu en lögð er áhersla á þær í Þorgilssögu. Hér kemur afstaða í höfundar Þorgilssögu fram sem keppist við að segja frá Þorgils í jákvæðu ljósi. Sögunum ber saman um bardagahæfni Þorgils og bræðralag hans og Sturlu Þórðarsonar. Finna má sömu frásagnir í sögunum tveimur sem koma báðar einungis fram í Reykjarfjarðarbók og má líkindin því rekja til ritstjóra hennar. Höfundur Íslendingasögu kemur með nákvæmar upplýsingar um atriði sem efi leikur á um í Þorgilssögu. Mikilvægasti samanburðurinn varðandi pólitísk átök er á frásögnunum um skipan ríkis Þórðar kakala í Eyjafirði. Þar eru höfundar Þorgilssögu og Hákonarsögu sammála um að konungur og þar með Þorgils eigi tilkall til Eyjafjarðar eftir Þórð, en ekki Þorvarður. Sturlu Þórðarsyni, höfundu Íslendingasögu virðist hafa fundið konungsskipanin nægja til yfirráða en höfundur Þorgilssögu virðist ekki vera á sama máli. Þar er lagt áhersla á bændur í Eyjafirði hefðu samþykkt Þorgils en hylli bændu kemur hvergi fram í Íslendingasögu. Einnig er áhersla lögð á riddaralegar dyggðir og góðmennsku Þorgils sem sýnir mikla gæsku í samskiptum sínum við Þorvarð. Þar gætir sjónarhorn höfundar sem enn og aftur lýsir Þorgils í jákvæðu ljósi. Vegna afstöðu höfundar hlýtur frásögn Íslendingasögu að vera áreiðanlegri heimild.

Í Þorgilssögu má finna einu dæmin um tortryggni í garð Noregskonungs í allri *Sturlungu*. Þorgils mætti mikilli fyrirstöðu í erindi sínu þegar hann kom til Íslands 1252 til að taka yfir Borgarfjörð fyrir hönd konungs. Þá var Sturla Þórðarson einn þeirra sem voru í mótstöðu við Þorgils. Því er ekki furða að ekkert komi fram um þessa andstöðu í Íslendingasögu enda var Sturla Þórðarson höfundur hennar. Hann hefur ekki viljað greina frá mótstöðu sinni við Noregskonung enda gerðist hann sagnaritari Magnúsar, sonar og arftaka Hákonar konungs. Heimildum ber ekki saman um hvaða ríki Noregskonungur taldi sig eiga tilkall til á Íslandi. Samkvæmt Þorgilssögu taldi hann ríki og arf Snorra Sturlusonar eign sína eftir að Snorri var veginn að Reykholti 1241. Í Hákonarsögu segir að konungur hafi skipað Þorgils og Gissuri þau ríki sem han „hafði þá heimildum á tekið.” Í Íslendingasögu kemur fram að Gissuri hafi verið skipaður Norðlendingafjórðungur og því hlýtur konungur að hafa talið sig eiga tilkall til hans ef marka má frásögn

Hákonarsögu. Í Þorgilssögu segir að konungur hafi skipað Finnbirni Helgasyni „ríki fyrir norðan Vaðlaheiði” en í Íslendingasögu er talað um Reykjadal „ok þaðan orðr til Jökulsár” og með sömu rökum má áætla að Noregur taldi sig eiga rétt á því ríki. Sverrir Jakobsson telur að að líklegast hafi Sturla Þórðarson, höfundur Hákonarsögu og að öllum líkindum Íslendingasögu hafi haft áreiðanlegri upplýsingar um það hvaða ríki Noregskonungur taldi sig eiga rétt til og því séu frásagnir hans áreiðanlegri heldur en frásögn Þorgilssögu. Samkvæmt Hákonarsögu kom Ívar Englason til Íslands árið 1255 til að flytja konungserindi við landsmenn. Þorgilssaga telst seint sem áreiðanleg heimild um Ívar Englason þar sem honum er þar ruglað saman við Ívar Arnljótarson sem kom til Íslands 1260. Þar kemur fram að Ívar hafi fært Þorgils bréf frá Noregskonungi þar sem konungur skipaði Þorgils yfir Eyjafjörð þar sem Þórður kakali var látinn. Þetta er einfaldlega rangt en Þórður lést 11. október 1256. Þar af leiðandi er heimildagildi Þorgilssögu dregið í efa vegna rangra upplýsinga og afstöðu höfundar. Hákonarsaga ætti að vera áreiðanlegri heimild þar sem frásögn hennar ber saman við annála.

Tveir mikilvægustu þættirnir er varða íslensku kirkjuna á Sturlungaöld voru kirkjuvaldastefnan, umbótahreyfing innan kirkjunnar sem fól í sér aðskilnað kirkjuvalds og veraldlegs valds, og samband Noregskonungs og kirkjunnar. Heinrekur Kársson Hólabiskup, sem sendur var til Íslands af Noregskonungi með samþykki kirkjunnar sinni konungserindi af mikilli sannfæringu. Hann var mikilvægur þáttur í helstu pólitísku átökum frá 1247–1255. Samkvæmt frásögnum Hákonarsögu, Þorgilssögu og Íslendingasögu lét Heinrekur íslenska fulltrúa konungs sig mikið varða. Hann virðist hafa haft mikið eftirlit með þeim og ef honum þótti þeir ekki sinna erindi konungs af alvöru talaði hann fyrir því að nýr fulltrúi tæki við, líkt og sjá má í tilfelli Þórðar kakala og Gissurar. Heinrekur tekur skýra afstöðu og þegar hann hefur kynnst íslenskri pólitík mótar hann eigin afstöðu til mála á Íslandi. Þegar hann var ósáttur með frammistöðu Þórðar kakala tók hann afstöðu gegn honum og vingaðist við Gissur Þorvaldsson. Út frá Hákonarsögu má sjá að Noregskonungur hefur virt skoðanir Heinreks en hann valdi Gissur sem nýjan fulltrúa sinn á Íslandi árið 1251 út frá ráðum Heinreks. Þegar Heinrekur varð ósáttur með Gissur tók hann mjög skýra afstöðu gegn honum sem sjá má af frásögnum um eftirmála Flugumýrabrennu. Þá gaf hann brennumönnum aflausn fyrir griðrof sín en fordæmdi Gissur vegna hefnda sinna og griðrofa. Til að byrja með voru Heinrekur og Þorgils skarði, fulltrúi konungs á Íslandi, bestu mátar og kom þeim vel

saman. Heinrekur stóð með Þorgils og kallaði Hrafn Oddsson og Sturlu Þórðarson, helstu andstæðinga Þorgils eftir að hann kom til Íslands 1252, landráðamenn og lagði traust sitt á Þorgils. Eftir Þveráreyrabardaga þar sem Þorgils skarði og Sturla Þórðarson sem höfðu þá sæst og menn þeirra börðust gegn Hrafn og Eyjólfvi ofsa Þorsteinssyni vildi Heinrekur ekki gefa Þorgils lausn. Þá hafði Heinrekur þó áður fyrirgefið honum fyrir víg Valgarðs Þorkelssonar og virtist ekki hafa kippt sér neitt upp við það. Í Þorgilssögu kemur fram afstaða Heinreks þar sem hann er á móti því að Þorgils taki yfir ríki Þórðar kakala í Eyjafirði sem Noregskonungur hafði þó skipað hann yfir. Heinreki hefur greinilega þótt Þorgils óhæfur sem erindreki konungs, eins og honum hafði áður þótt Þórður kakali og Gissur Þorvaldsson óhæfir. Sættir náðust að lokum í máli Heinreks og Þorgils og Heinrekur studdi tilkall Þorgils til yfirráða í Eyjafirði. Sérstaða Heinreks sem fulltrúi kirkjunnar og Noregskonungs er greinileg í samanburði við Sigvarð Þéttmarsson, Skálholtsbiskup.

Víða má gæta afstöðu höfunda Þorgilssögu, Íslendingasögu og Hákonarsögu. Höfundar allra sagnanna eru hallir undir Noregskonung en þó af ólíkum ástæðum. Höfundur Þorgilssögu, hvort sem það var Þórður Hítningur eins og Björn M. Ólsen færði rök fyrir eða einhver annar, hefur greinilega verið dyggur stuðningsmaður Þorgils þar af leiðandi stutt konungserindi hans. Þar er áberandi að konungi, erindi hans á Íslandi og Þorgils skarða Böðvarssyni er lýst í mjög jákvæðu ljósi enda helsti tilgangur ritunar sögunnar að upphelja Þorgils og tilkall hans til ríkisins sem konungur hafði skipað hann yfir. Í Þorgilssögu má þó finna dæmi um andúð Íslendinga á Noregskonungi og erindi hans á Íslandi en hvergi má finna dæmi um það í öðrum verkum *Sturlungu*. Í Íslendingasögu og Hákonarsögu má finna sömu afstöðu til Noregskonungs enda er Sturla Þórðarson höfundur þeirra beggja. Ósamræmi milli þessara tveggja heimilda má því rekja til ólíkra markhópa en Hákonarsaga var samin fyrir norsku hirðina, um fyrrverandi Noregskonung fyrir þáverandi Noregskonung. Því er ekki furða að Noregskonungur sé málaður upp á jákvæðan máta í þeirri frásögn enda var Sturla Þórðarson hirðmaður konungs og sagnaritari þegar hann ritaði söguna. Íslendingasaga er talin vera rituð seinna en þá hafði Sturla fengið ákveðna fjarlægð frá þeim atburðum sem áttu sér stað og pólitísku átökum sem hann hafði átt hlut í. Þar af leiðandi er frásögnin ögn hlutlausari í garð andstæðinga Sturlu en Íslendingasaga var skrifuð fyrir Íslendinga og þá sérstaklega valdamikla íslenska menn. Ætla má að Sturla hafi einnig haft það í huga við ritun

sögunnar að reita valdhafa á Íslandi ekki til reiði með frásögn sinni sem gæti verið ástæða fyrir meira hlutleysi í frásögninni.

Höfundar sagnanna þriggja taka oft skýra afstöðu í pólitískum deilum eins og sjá má út frá frásögn Hákonarsögu um Þórð kakala og Gissur Þorvaldsson en Sturla, höfundur sögunnar stendur með Þórði og er í mótstöðu við Gissur. Í Íslendingasögu má finna sömu afstöðu. Í Þorgilssögu er afstaðan ávallt á hlið Þorgils og gegn andstæðingum hans. Ekki er ólíklegt að höfundur sögunnar hafi fegrað hlut Þorgils í pólitískum átökum á einhvern hátt í frásögn sinni, til dæmis með griðveitingum hans eftir Þveráreyrabardaga. Þegar niðurstöður eru teknar saman fæst staðfesting á því að að ólíkar frásagnir af sömu atburðum má rekja til hlutdrægni og sjónarhorns höfunda eins og getum var leitt að.

## Heimildaskrá

Agnes S. Arnórsdóttir. *Konur og vígamenn. Staða kynjanna á Íslandi á 12. og 13. öld*, ritstj. Gunnar Karlsson, 12. Bindi, *Sagnfræðirannsóknir Studia Historica*. Reykjavík: Sagnfræðistofnun / Háskólaútgáfan, 1995.

Björn M. Ólsen. „Um Sturlungu.” Í *Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmenta að fornu og nýju* III. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag, 1902. 193–510.

Björn Þorsteinsson. *Íslensk miðaldasaga*. Reykjavík: Sögufélag, 1980.

Einar Ólafur Sveinsson. *Sturlungaöld. Drög um íslenska menningu á þrettánda öld*. Reykjavík: Kostnaðarmenn nokkrir Reykvíkingar, 1940.

Gunnar Karlsson. „Frá þjóðveldi til konungsríkis.” Í *Saga Íslands II*. Ritstj. Sigurður Líndal. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag / Sögufélagið, 1975. 3–54.

Haraldur Hreinsson. *Force of Words. A Cultural History of Christianity and Politics in Medieval Iceland (11th–13th Centuries)*. The Northern World. Europe and the Baltic c. 400–1700 AD. Peoples, Economies and Cultures vol. 90. Leiden: Brill, 2021.

*Hákonar saga Hákonarsonar I. Íslenzk fornrit XXXI*. Útg. Þorleifur Hauksson, Sverrir Jakobsson og Tor Ulset. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 2013.

*Hákonar saga Hákonarsonar II. Íslenzk fornrit XXXII*. Útg. Sverrir Jakobsson, Þorleifur Hauksson og Tor Ulset. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 2013.

Helgi Þorláksson. „Sturlunga– Tilurð og markmið.” *Gripla* 23. árg. (2012): 53–92.

„Íslendinga saga.” Í *Sturlunga saga I*. Útg. Jón Jóhannesson, Kristján Eldjárn og Magnús Finnbogason. Reykjavík: Sturlungaútgáfan, 1946.

Magnús Stefánsson. „Kirkjuvald eflist.” Í *Saga Íslands II*. Ritstj. Sigurður Líndal. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag / Sögufélagið, 1975. 57–144.

Magnús Stefánsson. „Um staði og staðamál.“ *Saga XL:2* (2002): 137–166.

Orri Vésteinsson. *The Christianization of Iceland. Priests, Power and Social Change 1000–1300*. Oxford: Oxford University Press, 2000.

Ólafur Lárusson. „Ætt Egils Halldórssonar og Egils saga.“ *Studia Islandica, Íslensk fræði* 2. Útg. Sigurður Nordal. Reykjavík: 1937.

Pétur Sigurðsson. „Um Íslendinga sögu Sturlu Þórðarsonar.” Í *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta að fornu og nýju*. Sjötta bindi. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1929–1939. 1–179.

Sigurður Nordal. *Icelandic Culture*. Þýð. Vilhjálmur T. Bjarnar. Ithaca, New York: Cornell University Library, 1990.

Stefán Karlsson. „Alfræði Sturlu Þórðarsonar.“ Í *Sturlustefna. Ráðstefna haldin á sjö alda ártíð Sturlu Þórðarsonar sagnaritara 1984*. Ritstj. Guðrún Ása Grímsdóttir og Jónas Kristjánsson. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar, 1988. 37–60.

*Sturlunga saga* I. Útg. Jón Jóhannesson, Kristján Eldjárn, Magnús Finnbogason og Magnús Jónsson. Reykjavík: Sturlungaútgáfan, 1946.

*Sturlunga saga* II. Útg. Jón Jóhannesson, Kristján Eldjárn, Magnús Finnbogason og Magnús Jónsson. Reykjavík: Sturlungaútgáfan, 1946.

Sverrir Jakobsson. *Auðnaróðal. Baráttan um Ísland 1096–1281*. Reykjavík: Sögufélag, 2016.



Sverrir Jakobsson. „1277: Um sjónarhorn í veraldlegri sagnaritun á 13. öld.” Í *Nýtt Helgakver. Rit til heiðurs Helga Skúla Kjartanssyni sjötugum 1. febrúar 2019*. Ritstj. Guðmundur Jónsson, Gunnar Karlsson, Ólöf Garðarsdóttir og Þórður Helgason. Reykjavík: Sögufélag, 2019. 1–13.

Sverrir Jakobsson. „The Early Kings of Norway, The Issue of Agnatic Succession, and the Settlement of Iceland.“ *Viator* 47 nr. 3 (2016): 171–188.

Sverrir Jakobsson. „Friðarviðleitni kirkjunnar á 13. öld.“ *Saga* XXXVI:1 (1998): 7–46.

Sverrir Jakobsson. „Saints and Politicians: The Bishops of Hólar in Troubled Times.“ *Viking and Medieval Scandinavia* 14 (2018): 193–210.

Úlfar Bragason. „Frásagnarmynstur í Þorgils sögu skarða.“ *Skírnir* 1 (1981), 161–170.

Úlfar Bragason. *Ætt og saga. Um frásagnarfræði Sturlungu eða Íslendinga sögu hinnar miklu*. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2010.

Viðar Pálsson. „Forming Bonds With Followers in Medieval Iceland. The Cases of Thordr kakali and Thorgils skardi.“ Í *Nordic Elites in Transformation, c. 1050–1250 vol. II. Social Networks*. Ritstj. Kim Esmark, Lars Hermanson og Hans Jacob Orning. New York: Routledge, 2020.

Viðar Pálsson. „,Var engi höfðingi slíkr sem Snorri“. Auður og virðing í valdabaráttu Snorra Sturlusonar.“ *Saga* XLI:1 (2003), 55–96.

„Þorgils saga skarða.“ Í *Sturlunga saga* II. Útg. Jón Jóhannesson, Kristján Eldjárn og Magnús Finnbogason. Reykjavík: Sturlungaútgáfan, 1946.

„Þórðar saga kakala.“ Í *Sturlunga saga* II. Útg. Jón Jóhannesson, Kristján Eldjárn og Magnús Finnbogason. Reykjavík: Sturlungaútgáfan, 1946.